



Greinargerð B-hluta fyrirtækja

Við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2021

Lagt fram í borgarráði
7. apríl 2022

B-hluti.....	2
Faxaflóahafnir	2
Félagsbústaðir	8
Orkuveita Reykjavíkur	13
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	20
SORPA bs.	25
Strætó	30
Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki	35

B-hluti

Í eftirfarandi greinargerð er fjallað um rekstrarniðurstöðu og árangur einstakra fyrirtækja í B-hluta samstæðuuppgjors Reykjavíkurborgar.


Vert er að benda á að lykiltölur fyrirtækja eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar vegna mismunandi rekstrarforma fyrirtækjanna.

Faxaflóahafnir


Faxaflóahafnir sf. (m.kr.)	Raun 2021	Áætlun 2021	Breyting	%	Raun 2020	Breyting	%
Rekstrartekjur	4.145	3.409	736	21,6%	3.485	659	18,9%
Rekstrargjöld	-3.306	-3.355	49	-1,5%	-3.266	-40	1,2%
EBITDA	1.654	949	705	74,3%	968	687	71,0%
EBIT	839	54	785	1448,2%	219	620	282,7%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	12	-9	21		-13	25	-195,4%
Óreglulegir liðir (tekjur)	0	0	0		185	-185	-100,0%
Rekstrarniðurstaða	851.191	45.189	806.002	1783,6%	391.341	459.850	117,5%

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða ársins 2021 nam 851 m.kr. sem er mun betri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Til samanburðar var hagnaður 391 m.kr. árið 2020. Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 840 m.kr. eða 786 m.kr. yfir áætlun, en 2020 var hagnaður af reglulegri starfsemi 219 m.kr.



Rekstrartekjur námu 4.145 m.kr. eða 736 m.kr. yfir áætlun sem gerði ráð fyrir 3.409 m.kr. Árið 2020 voru tekjur 3.485 m.kr. og hafa því hækkað um 19% á milli ára. Allir helstu tekjuliðir hækkuðu. Aukning í vöruflutningum og komur skemmtiferðaskipa þýða að tekjur ársins urðu talsvert hærri en gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Vörugjöld voru 19% hærri en áætlun gerði ráð fyrir og aflagjöld voru eilítið yfir áætlun. Skipagjöld og tekjur af hafnarþjónustu voru talsvert yfir áætlun þar sem skip sem koma til hafnar eru bæði fleiri og stærri en áður. Ekki var gert ráð fyrir því að nein farþegaskip kæmu til hafnar 2021 vegna Covid-19 faraldursins en raunin varð sú að 68 farþegaskip komu árið 2021.



Tekjur eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2021	Áætlun	Mism.	%	Raun 2020	Mism.	%
Vörugjöld	1.496	1.260	236	18,7%	1.180	316	26,8%
Aflagjöld	167	150	17	11,5%	163	4	2,6%
Skipagjöld	436	266	170	63,9%	306	130	42,5%
Farþegagjald	19	10	9	92,2%	6	13	220,3%
Eignatekjur	1.060	1.037	23	2,2%	1.007	53	5,3%
Hafnarþjónusta	601	444	157	35,4%	461	140	30,4%
Siglingavernd	332	242	90	37,3%	217	115	53,1%
Aðrar tekjur	32	0	32		146	-114	-77,9%
	4.145	3.409	736	21,6%	3.485	660	18,9%

Vörugjöld, skipa- og farþegagjöld, tekjur af hafnarþjónustu og siglingarvernd

Vöruflutningar hafa stórauðist á árinu 2021. Heildarinnflutningur jókst um 539.536 tonn og heildarútflutningur jókst um 100.992 tonn. Aukning var í öllum flutningum. Mest er aukningin í vöru til stóriðju, byggingarvöru, í innflutningi bifreiða og almennri neysluvöru. Þá hafa milli- og framhaldsflutningar aukist verulega á síðustu árum.

Skipagjöld og hafnarþjónusta skiluðu samanlagt um 1.037 m.kr. í tekjur, sem er um 25,0% heildartekna, en gert var samanlagt ráð fyrir um 710 m.kr. og er tekjuaukning því um 327 m.kr. miðað við áætlun. Meginskyring þess er að skipin eru stærri og fleiri sem koma. Á milli árunna 2020 og 2021 varð mikil aukning í samanlögðum tonnastærðum skipa sem komu til hafnar eða tæp 41,3 en skipagjöld reiknast af stærð skipa. Fjöldi skipakoma fjölgaði um 21% á milli ára. Á árinu 2021 komu 1.085 skip yfir 100 brt. til hafnar, sem er fjölgun um 223 skipakomur.

Nánast engin farþegaskip komu til landsins árið 2020 og áætlun gerði ráð fyrir því að engin farþegaskip kæmu til hafnar 2021, en raunin varð sú að 68 farþegaskip komu til hafnar. Tekjur af farþegaskipum jukust um 152 m.kr. milli árana 2020 og 2021.

Eignatekjur og aðrar tekjur


Leigutekjur af lóðum og fasteignum mynda stofn eignatekna sem eru nánast á pari við áætlun enda eru flestar eignir í langtímaútleigu. Aðrar tekjur koma til vegna lóðaúthlutunar og sölu á tækjum.

Tekjur flokkaðar eftir hafnasvæðum

Þegar heildarrekstrartekjur eru skoðaðar eftir hafnasvæðum má sjá að Sundahöfn er sem fyrr tekjuhæsta hafnasvæðið, en Sundahöfn er megingátt flutninga á vörum til og frá Íslandi.


Skipting rekstrartekna 2021 (m.kr.)	Gamla höfnin	Sundahöfn	Grundartangi	Akranes	Önnur svæði	Alls
Vörugjöld	163	1.085	227	20	0	1.496
Aflagjöld	113	49	0	6	0	167
Skipagjöld	123	232	66	12	3	436
Farþegagjald	14	5	0	0	0	19
Eignatekjur	395	634	27	5	0	1.060
Hafnarþjónusta	147	292	99	18	45	601
Siglingavernd	15	260	51	5	1	332
Aðrar tekjur	2	0	0	0	30	32
Samtals:	972	2.557	471	65	79	4.144

Eignatekjur eru hæstar í Sundahöfn og aflagjöld hæst í Gömlu höfninni, enda meginhlutanum af bolfski sem berst til hafnarinnar landað þar. Vörugjöld í Gömlu höfninni eru fyrst og fremst vegna eldsneytisinnflutnings á Eyjargarði. Heildarrekstrartekjur Faxaflóahafna sf. verða að stærstum hluta til í Sundahöfn en tekjur af því svæði voru 61,7% árið 2021.



Rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. árið 2021 voru 3.306 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 3.355 m.kr. Á árinu 2020 voru rekstrargjöld 3.266 m.kr. og hækka um 1,2% á milli ára. Útgjöldin ráðast hins vegar ekki eingöngu af verðlagi heldur einnig sérgreindum viðhaldsverkefnum sem falla undir rekstur og geta verið mismunandi á milli ára. Rekstrargjöld eru almennt í samræmi við áætlun. Rekstrarafgangur ársins er hærri en áætlun gerði ráð fyrir sökum aukinna tekna af fyrrgreindum ástæðum.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var yfir áætlun vegna aukins kostnaðar við upplýsinga- og tölvumál ásamt hækkanði launakostnaði vegna viðbótarstöðugilda á skrifstofu. Eignagjöld voru undir áætlun, þá var hafnarþjónusta og hafnarvirki 31 m.kr. yfir áætlun. Kostnaður við siglingavernd var 36 m.kr. yfir áætlun. Almennt var rekstur undir áætlun eða í samræmi við áætlun, en afskriftir eru hærri en í fyrra vegna nýs dráttarbáts sem var tekinn í notkun á árinu. Launakostnaður jókst um 1,6% á milli ára, og skýrist það af hækkun vegna kjarasamninga.



Gjöld eftir starfspáttum (í m.kr.)	Raun 2021	Áætlun	Mism.	%	Raun 2020	Mism.	%
Hafnarvirki	605	589	16	2,6%	646	-41	-6,4%
Eignagjöld	446	500	-54	-10,8%	494	-48	-9,7%
Hafnarþjónusta	691	676	15	2,2%	692	-1	-0,2%
Skrifstofu- og stjórnunark.	448	415	33	7,9%	421	27	6,5%
Siglingavernd	300	279	22	7,8%	265	35	13,3%
Afskriftir	815	895	-80	-8,9%	748	67	9,0%
	3.306	3.355	-49	-1,5%	3.266	40	1,2%

Þar sem Faxaflóahafnir sf. halda úti sólarhringsvakt í hafnarþjónustu og hafnargæslu á Grundartanga er launakostnaður fyrirtækisins einn meginútgjaldaliður þess. Heildarlaunakostnaður árið 2021 nam 1.220 m.kr. Áætlun gerði ráð fyrir 1.163 m.kr. og er frávikið um að ræða kostnað við afleysingar og útköll vegna álagstoppa, veikinda og vegna breytinga í starfsmannahaldi.

Að jafnaði eru ráðnir 15 sumarstarfsmenn í Bækistöð fyrirtækisins, 1 sumarstarfsmaður á skrifstofunni og 4-5 starfsmenn eru ráðnir til afleysingar í hafnarþjónustu yfir sumarmánuðina. Heildarársverk eru metin 79. Töluverð endurnýjun hefur átt sér stað í starfsmannahaldi fyrirtækisins. Yngra fólk hefur leyst af eldri starfsmenn.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld Gjöld af fjármagnsliðum námu um 1,7 m.kr. Vaxtatekjur voru 13,9 m.kr. Vaxtagjöld voru lægri en áætlun gerði ráð fyrir og munar þar mestu að eina langtímalán Faxaflóahafna var greitt upp í nóvember 2020. Hagnaður fyrir fjármunaliði er sem fyrr segir 839 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunaliða og óreglulegra liða 851 m.kr.

Laun og launatengd gjöld (m.kr.)	2017	2018	2019	2020	2021
Bækistöð	131	157	157	189	195
Húseignir	23	27	26	28	28
Grundart hafnargæsla	37	42	44	51	66
Hafnsaga	166	172	187	195	213
Hafnarþjónusta	328	357	427	461	415
Hafnarstjórn	21	20	22	21	36
Skrifstofa	206	210	231	254	268
Samtals:	911	984	1.095	1.200	1.220

Stöðugildi	2017	2018	2019	2020	2021
Hafnarþjónusta	32	32	32	32	35
Bækistöð	12	12	12	12	13
Tækniðild	4	3	4	4	4
Skrifstofa	12	13	13	13	12
Húseignir	2	2	2	2	2
Siglingavernd - Umhverfismál	5	5	5	5	5
Samtals:	67	67	68	68	71


Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	31.12.2021	31.12.2020	Breyting	%
Fastafjármunir	13.836	14.439	-603	-4,2%
Veltufjármunir án handb.fjár	428	437	-9	-2,1%
Handbært fé	1.909	565	1.344	237,9%
Eignir samtals	16.173	15.441	732	4,7%
Eigið fé	15.625	14.876	749	5,0%
Langtímaskuldir	0	0	0	
Næsta árs afborganir langt. skulda	0	0	0	
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	548	565	-17	-3,0%
Skuldir samtals	548	565	-17	-3,0%
Skuldir og eigið fé samtals	16.173	15.441	732	4,7%


Heildareignir námu 16.173 m.kr. og hafa hækkað frá áramótum. Þar af námu fastafjármunir 13.836 m.kr. og veltufjármunir 2.337 m.kr. Heildarskuldir námu 548m.kr. og langtímaskuldir 0 m.kr.

Eigið fé nam 15.625 m.kr.

Sjóðstreymi



Veltufé frá rekstri var 1.626 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 950 m.kr. Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir, sem eru framkvæmdir ársins 2021, voru 309,4m.kr. en ráðgert var að þeir væru 975 m.kr. Stærsta einstaka framkvæmd sem hefur verið frestað er endurnýjun Aðalhafnargarðs á Akranesi. Greiddur var út arður til eigenda sem nam 103 m.kr. Handbært fé er 1.909 m.kr. er talsvert hærra en um síðustu áramót, aðallega vegna aukins hagnaðar og minni framkvæmda en 2020 var handbært fé kr. 565 m.kr.



Fjárfestingarhreyfingar

Fjárfestingar og skipting framkvæmda eftir hafnarsvæðum (í m.kr.)	2017	2018	2019	2020	2021	2021Á
Gamla höfnin	461	252	300	519	135	245
Sundahöfn	957	995	1.040	409	88	575
Grundartangi	251	188	20	57	13	105
Akranes	45	1	15	6	17	5
Borgarnes	0	0	0	0	16	15
Annað	18	19	835	1.118	41	30
Samtals:	1.731	1.455	2.210	2.109	310	975

Helstu verkefni voru eftirfarandi:

Í **Gömlu höfninni í Reykjavík** var áfram unnið að framkvæmdum við Faxagarð. Farið var í endurnýjun lagna undir bryggjunni sem áður hafði verið frestað en sú framkvæmd mun klárast á árinu 2022. Einnig var boðinn út rafbúnaður fyrir landtengingar á Faxagarð sem verður settur upp á árinu 2022. Byrjað var á framkvæmd við nýjan hjólastíg meðfram Fiskislóð auk þess sem lýsing var endurnýjuð og endurhönnuð meðfram götunni. Efnsikaup og framkvæmd við endurnýjun Verbúðabryggju voru boðin út á árinu. Framkvæmdir við niðurrif eldri bryggjunnar fóru af stað um mitt árið en vegna seinkunar á afhendingu á efni þurfti að stöðva framkvæmdir við uppbyggingu nýrrar bryggju í lok árs á meðan beðið er eftir efninu. Reiknað er með að framkvæmdir geti farið af stað aftur í mars og klárast á árinu 2022. Malbiks yfirlag var lagt á suðurhluta Grandabakka. Aðkoma að verkstæði slíppsins við Ægisgarð var malbikuð.


Í **Sundahöfn** var klárað að setja upp innsiglingamerki á Gufuneshöfða og um leið ný innsiglingarlína tekin í notkun. Lóðagerð við Sægarða 1 var kláruð. Lóðin verður undir nýja aðveitustöð Veitna og var afhent Veitum í lok árs. Undirbúningsvinna fyrir framtíðarþóun Sundahafnar hélt áfram með gerð umhverfisskýrslu sem lögð var inn til Skipulagsstofnunar í lok árs auk þess sem erlendir ráðgjafar voru fengnir til að skoða heildarmynd svæðisins m.t.t. hafnarmannvirkja, landnotkunar, rekstrar og fleiri atriða. Undirbúningur fyrir nýja farþegaaðstöðu hófst á árinu þar sem gert er ráð fyrir að hægt sé að taka á móti farþegum sem fara um höfnina á ferð sinni með erlendum farþegaskipum. Farþegaaðstaðan mun m.a. hýsa landamæraeftirlit, öryggisleit, farangursskönnun, farangursgeymslu, aðstöðu fyrir farþega ásamt fleiru sem þarf fyrir starfseminu. Unnið var að undirbúningi landtenginga flutningaskipa við Sundabakka í samstarfi við skipafélögin. Malbikaðar voru götur við Barkarvog og Kjalarvog auk þess sem malbiks yfirlag var sett á hluta Vogabakka. Keyptir voru nýir fenderbelgir fyrir Skarfabakka til að mæta þörfum farþegaskipa.

Á **Grundartanga** var unnið að ýmsum smærri undirbúningsverkum við þróun og úthlutun lóða en framkvæmdir bíða þess að hreyfing komist á úthlutanir lóða fyrir starfsemi á svæðinu. M.a. var farið í efnisvinnslu á vestursvæðinu til að eiga efni til framkvæmda á svæðinu. Boðin var út framkvæmd á endurnýjun þekju á 1. áfanga Tangabakka en var öllum tilboðum hafnað og verkinu frestað og er til endurskoðunar. Farið var í endurheimt votlendis á Katanesi með því að fylla í skurði á landinu.

Á **Akranesi** var áfram unnið að undirbúningi að endurnýjun og lengingu fremsta hluta Aðalhafnargarðs. Í framkvæmdinni felst að reka stálþil utan á fremsta hluta Aðalhafnargarðsins og lengja hann um 110 metra þannig að lengd viðlegu við þennan hluta garðsins verður um 220 metrar. Efnisútboðið var auglýst í lok árs og er áætlað að bjóða framkvæmdina út á árinu 2022.

Annað: Á árinu 2021 var gerður kaupsamningur milli Faxaflóahafna sf og Reykjavíkurborgar um sölu á Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17, Reykjavík, á 2.184,8 m.kr. Afhending eignarinnar fer fram 15. júní 2022. Innborgun 100 m.kr. vegna sölunnar er færð meðal skammtímaskulda.

Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum seldum rekstrarfjármunum og lóðasölu.



Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Faxaflóahafna fyrir árin 2017-2021:

Faxaflóahafnir	2017	2018	2019	2020	2021
Eiginfjárhlutfall	89,6%	91,6%	93,1%	96,3%	96,6%
Arðsemi eigin fjár	5,0%	13,0%	6,0%	2,6%	5,7%
Veltufjárhlutfall	2,39	4,47	5,24	1,77	4,26
Langtímaskuldir/eigið fé	5,4%	4,4%	3,8%	0,0%	0,0%
Uppgreiðslutími	0,6	0,4	0,4	0,0	0,0
Heildarskuldir/rekstrartekjum	41,8%	34,3%	26,9%	16,2%	13,2%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	36,0%	45,4%	39,4%	25,7%	39,2%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	35,7%	44,8%	38,9%	27,8%	39,9%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Vegna nýrra uppgjors reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í uppgjör samstæðu Reykjavíkurborgar en ekki allt félagið eins og verið hefur. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri Faxaflóahafna:

Hlutur Reykjavíkurborgar í rekstri Faxaflóahafna	Raun 2021	Áætlun 2021	Breyting	%	Raun 2020	Breyting	%
Rekstrartekjur	3.131	2.575	556	22%	2.633	498	19%
Rekstrargjöld	-2.498	-2.535	37	-1%	-2.468	-30	1%
EBITDA	1.250	717	533	74%	731	519	71%
EBIT	634	41	593	1448%	166	468	283%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	9	-7	16	-236%	-10	19	-195%
Óreglulegir liðir (tekjur)	0	0	0		140	-140	n/a
Rekstrarniðurstaða	643	34	609	1784%	296	347	118%

- Rekstrarniðurstaðan er 806 m.kr betri en áætlun gerði ráð fyrir.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi (EBIT) var 839 m.kr sem er 785 m.kr. betri niðurstaða en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur voru umfram áætlun sem einkum má rekja til hærri vöru- og skipagjalda. Þá voru rekstargjöld undir áætlun sem aðalega má rekja til lægri afskrifta.
- Kennitölur félagsins endurspeglar styrk félagsins og að það sé búið að ná fyrri styrk eftir niður sveiflu 2020. Eiginfjárhlutfallið er mjög sterkt og hefur félagið getu til að standa af sér mótbýr.
- Veltufjárhlutfallið er mjög sterkt 4,26 en miðað er við að það hlutfall fari ekki undir 1.
- Engin langtímalán eru á félaginu.

Ábendingar fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Mikilvægt er að móta eigenda- og arðgreiðslustefnu fyrir félagið.

Félagsbústaðir

Árs- og árshlutauppgjör Félagsbústaða er gert samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS í samræmi við 90. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Félagsbústaðir hf. (m.kr.)	Raun 2021	Áætlun 2021	Breyting	%	Raun 2020	Breyting	%
Rekstrartekjur	5.123	5.054	69	1,4%	4.661	461	9,9%
Rekstrargjöld	-2.856	-2.776	-80	2,9%	-2.512	-344	13,7%
EBIT	2.267	2.278	-11	-0,5%	2.149	117	5,5%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-1.106	-1.167	60	-5,2%	-1.082	-25	2,3%
Verðbætur	-2.302	-1.377	-926	67,2%	-1.524	-778	51,0%
Matsbreyting	19.633	1.803	17.829	988,7%	1.742	17.891	1027,3%
Söluhagnaður eigna til eigin nota	0	0	0		157	-157	
Rekstrarniðurstaða	18.491	1.538	16.953	1102,2%	1.285	17.206	1338,7%

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingaeignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Með fjárfestingaeign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félagsins.

Rekstur

Rekstrartekjur Félagsbústaða á árinu 2021 námu 5.123 m.kr. og jukust um 9,9% milli ára en hækkunina má rekja til fjölgunar eigna milli ára og verðlagsbreytinga. Vísitala neysluverðs til verðtryggingar hækkaði um 4,5% á árinu 2021. Áhrif verðlagsbreytinga og stækkun eignasafnsins á tekjur eru mjög áþekkt á tímabilinu en 54% af aukningu tekna á tímabilinu eru vegna verðlagsbreytinga og 46% vegna stækkunar eignasafnsins.


Rekstrargjöld voru 2.856 m.kr. eða 80 m.kr. (2,9%) yfir áætlun. **Rekstur fasteigna** var 20 m.kr. (3,8%) undir áætlun, **Viðhald og framkvæmdir** voru 145 m.kr. (13,2%) yfir áætlun og **Fasteigna og brunabótaiðgjöld** voru 29 m.kr. (4,9%) undir áætlun. Frávik í viðhaldi og framkvæmdum voru í öllum liðum þar sem standsetningar milli leigjanda, viðhald íbúða í búsetu og viðhald sameigna voru yfir áætlun á meðan framkvæmdagjöld húsfélaga voru undir áætlun. Bókaður var kostnaður á árinu vegna fleiri standsetninga en áætlun gerði ráð fyrir eða 487 meðan áætlun gerði ráð fyrir 365 standsetningum. Mikil áhersla hefur verið lögð á viðhald íbúða í búsetu á árinu sem skilar sér í auknum kostnaði og mikið hefur verið um ófyrirséðan kostnað í viðhaldi sameigna á árinu. Lægri vatns- og fráveitugjöld útskýra frávik frá áætlun í fasteigna og brunabótaiðgjöldum fyrir tímabilið.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er 528 m.kr. á tímabilinu eða 15 m.kr. undir áætlun en 65 m.kr. hærri en á sama tíma í fyrra. **Launakostnaður** hækkar um 13,5% milli tímabila vegna kjarasamningsbundinna hækkana og fjölgunar stöðugilda en stöðugildi aukast um 4 milli tímabila úr 25 í 28. **Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður** er 13 m.kr. undir áætlun og lækkar um 13 m.kr. saman borið við árið 2020. Framlag í **afskriftarreikning viðskiptakrafna** hækkar milli ára um 35 m.kr. en er undir áætlun sem nemur 17 m.kr. Þessi liður er mjög sveiflukenndur og oftast erfitt að spá fyrir um hann.

Gjöld eftir starfspáttum (m.kr.)	Raun 2021	Áætlun	Mism.	%	Raun 2020	Mism.	%
Rekstur og viðhald eignasafns							
Rekstur fasteigna	516	537	-20	-3,8%	492	25	5,0%
Viðhald og framkvæmdir	1.244	1099	145	13,2%	1.044	200	19,2%
Fasteigna og brunabótaiðgjöld	567	596	-29	-4,9%	513	54	10,5%
Rekstur og viðhald eignasafns alls	2.328	2232	95	4,3%	2.049	279	13,6%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður							
Laun og launatengd gjöld	367	353	15	4,2%	324	44	13,5%
Annar skrifstofu og stjórnunarkostnaður	127	141	-13	-9,4%	141	-13	-9,5%
Afskrifaðar tapaðar viðskiptakröfur	33	50	-17	-33,6%	-2	35	-2230,9%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls	528	543	-15	-2,8%	463	65	14,0%
Rekstrargjöld alls:	2.856	2776	80	2,9%	2.512	344	13,7%

Viðhald og framkvæmdir (m.kr.)	Raun 2021	Áætlun	Mism.	%	Raun 2020	Mism.	%
Standsetningar milli leigjenda	452	400	51	12,8%	381	71	18,5%
Viðhald íbúða í búsetu (ófyrirséð viðhald)	259	180	79	44,1%	170	90	52,8%
Viðhald sameigna	205	159	46	29,2%	174	32	18,2%
Framkvæmdagjöld húsfélaga	328	360	-32	-9,0%	319	9	2,7%
Viðhald og framkvæmdir alls:	1.244	1099	145	13,2%	1.044	200	19,2%

Rekstrarhagnaðarhlutfall (EBIT%) er 44,3% eða 1,8% lægra en á sama tímabili á fyrra ári þegar það var 46,1%.




Efnahagur og eignasafn

Efnahagur (m.kr.)	31.12.2021	31.12.2020	Breyting	%
Fasta fjármunir	124.086	99.390	24.696	24,8%
Veltufjármunir án handb.fjár	771	344	427	124,4%
Handbært fé	1.590	727	862	118,6%
Eignir samtals	126.447	100.461	25.986	25,9%
Eigið fé	67.311	48.820	18.491	37,9%
Skuldbindingar	5.956	2.960	2.997	101,2%
Langtímaskuldir	51.263	46.621	4.642	10,0%
Næsta árs afborganir langt. skulda	1.197	1.067	130	12,2%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	720	994	-274	-27,6%
Skuldir samtals	59.136	51.642	7.495	14,5%
Skuldir og eigið fé samtals	126.447	100.461	25.986	25,9%

Heildareignir félagsins námu 126.447 m.kr. við lok árs 2021 og jukust um 25,9% frá upphafi árs. Fjárfestingaeignir jukust um 24,8% eða 24.705 m.kr., fjárfest var fyrir 4.037 m.kr. og matsbreyting nam 20.668 m.kr. Við útreikning á verðmæti fjárfestingareigna er reiknuð út niðurfærslupörf eigna vegna samspils kvaða sem á eignunum hvíla um uppsagnarfrest á bæði tímabundnum og ótímabundnum leigusamningum og svo mismunar á markaðsleigu og þeirrar leigu sem Félagsbústaðir innheimta auk þess sem einnig er tekið tillit til sérhæfðra eigna sem mögulega þyrfti að breyta eða gefa afslátt af ef kæmi til sölu á almennum markaði. Þessi niðurfærsla var fyrst metin í lok árs 2020 og nam hún þá 3.084 m.kr. Við endurmat á niðurfærslupörfinni í lok árs 2021 var hún metin 2.521 m.kr. vegna endurmats á niðurfærslu á sérhæfðum eignum og minni mismunar á markaðsleigu og leigu Félagsbústaða hefur minnkað.


Eigið fé hefur hækkað um tæplega 18,5 milljarða frá ársbyrjun 2021 sem skýrist af matsbreytingu eigna. Eiginfjárhlutfall í lok tímabils er 53,2% en var 48,6% í lok árs 2020.

Félagsbústaðir festu kaup á 117 nýjum íbúðum á árinu 2021 en það er 8 íbúðum færri en áætlað var, 9 eignir voru seldar á tímabilinu. Á næstu árum er áætlað að eignasafnið stækki enn frekar eða um 154 íbúðir til loka árs 2023. Þá liggja fyrir kaupréttarsamningar um 48 íbúðir sem áætlað er að verði tilbúnar til úthlutunar á árinu 2022.




Á árinu 2021 var úthlutað 472 íbúðum, ýmist til nýrra leigjenda eða vegna flutninga í aðrar félagslegar leiguíbúðir.

Tegund húsnæðis	Nýjar úthlutanir	Milli flutningar	Samtals
Almennt félagslegt leiguhúsnæði	168	105	273
Þjónustuíbúðir aldraðra	49	5	54
Húsnæði fyrir fatlað fólk	55	52	107
Húsnæði fyrir heimilislausa	14	5	19
Áfangaheimili	13	6	19
Úthlutanir samtals	299	173	472




Sjóðstreymi



Ný langtímalán námu 7.901 m.kr. á tímabilinu en hluta þeirra var veitt til endurfjármögnunar á eldri óhagstæðum lánum eða 4.253 m.kr. Nýrra langtímalána var aflað með útgáfu í félagslega skuldabréfaflokknum FB100366 SB en hann er með einfaldri ábyrgð Reykjavíkurborgar. Félagið fór í tvö skuldabréfaútböð á árinu en þau voru í mars, þar sem gefin út skuldabréf fyrir 2.033 m.kr. að markaðsvirði á ávöxtunarkröfunni 1,69%, og í desember, þar sem útgáfan nam 5.890 m.kr. að markaðsvirði á ávöxtunarkröfunni 1,45%.

Félagið fékk 1.922 m.kr. greiddar í stofnframlög á árinu, þar af 739 m.kr. frá Reykjavíkurborg og rest frá ríkissjóði.


Veltufé frá rekstri síðastliðin 5 ár:



Veltufé frá rekstri¹ sem hlutfall af tekjum hefur farið hækkandi frá árinu 2018 vegna lækkunar vaxtagjalda. Hlutfallið hefur haldist stöðugt yfir 1 frá árinu 2020. Þegar hlutfallið er yfir 1 þýðir það að veltufé frá rekstri dugar fyrir afborgunum langtímalána félagsins. Æskilegt er að þetta hlutfall sé ávallt yfir 1,0.

Fjármögnun fjárfestinga síðastliðin 5 ár:

Fjárfestingahreyfingar hafa verið langt umfram veltufé frá rekstri. Fjárfestingar eru fjármagnaðar með stofnframlögum og lántökum á meðan veltufé frá rekstri er ætlað að standa undir afborgunum langtímalána.



¹ Athygli er vakin á því að veltufé frá rekstri í þessari greinargerð miðast við veltufé frá rekstri skv. hefðbundinni aðferð og þeirri aðferð er beitt fyrir öll B-hlutafélögin. Í ársreikningi Félagsbústaða er í sjóðstreymi sýnt veltufé frá rekstri án greiddra vaxta.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Félagsbústaða fyrir árin 2017-2021 skv. gangvirðisuppgjöri:

Félagsbústaðir - gangvirðisuppgjör	2017	2018	2019	2020	2021	Markmið
Eiginfjárlutfall	51,8%	50,9%	50,4%	48,6%	53,2%	
Arðsemi eigin fjár	23,1%	5,9%	10,5%	3,1%	37,9%	
Veltufjárlutfall	0,09	0,14	0,65	0,52	1,23	
Langtímaskuldir/eigið fé	85,0%	90,4%	94,0%	95,5%	76,2%	
Vaxtaþekja, EBIT/netto vextir	1,46	1,51	1,62	1,99	2,09	1,4
Skuldaþekja, EBIT/(gr. afb.+netto vextir)	0,97	0,98	0,99	1,06	1,00	0,9
Uppgreiðslutími	64,7	61,7	53,5	44,0	43,3	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af greiddum afborg.	0,92	0,97	0,99	1,14	1,02	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum	14,5%	15,4%	18,1%	23,2%	23,6%	

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Jákvæð rekstrarniðurstaða félagsins á árinu 2021 og aukning eigin fjár má rekja til hækkunar á metnu virði fasteigna félagsins vegna hækkunar fasteignaverðs. Matsbreytingar fjárfestingaeigna á tímabilinu námu 19,63 ma.kr. samanborið við 1,74 ma.kr. í fyrra og 4,79 ma.kr. árið 2019.
- Við mat á verðmæti eigna félagsins er annars vegar stuðst við fasteignamat íbúða félagsins sem miðast við verðlag í febrúar 2021 og hins vegar er miðað við 16,44% hækkun vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli í Reykjavík frá febrúar til loka árs. Í því felst sú forsenda að verðmæti eigna félagsins fylgir þessari vísitölu. Reynist raunin önnur getur það kallað á leiðréttingu á mati á eignasafnsins við útgáfu næsta fasteignamats.
- Hækkun fasteignaverðs hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu félagsins vegna matsbreytinga en segir lítið um grunnrekstur félagsins nema að ábati af hækkun fasteignaverðs verði innleystur með sölu eigna. Til að meta stöðu grunnrekstrar er eðlilegra að horfa til rekstrarhagnaðar (EBIT) sem jókst um 5,5% á milli ára, en tekjur hækkuð um 9,9% á meðan rekstrargjöld hækkuðu um 13,7%. Tekjur félagsins fylgja vísitölu neysluverðs, sem þýðir að hækkun fasteignaverðs og byggingarkostnaðar umfram verðlag hefur neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins vegna aukins kostnaðar við rekstur og viðhald fasteigna og öflun nýrra eigna.
- Rekstrarhagnaður (EBIT) sem hlutfall af rekstrartekjum var 44,3% en áætlun gerði ráð fyrir 45,1%. Frávikið má rekja til þess að rekstrargjöld voru 80 m.kr. (2,9%) yfir áætlun en rekstrartekjur voru einungis 69 m.kr. (1,4%) yfir áætlun. Helsta skýring á hærri rekstrargjöldum er aukning á standsetningum milli leigjanda, tilfallandi viðhaldi íbúða í búsetu og viðhaldi sameigna m.v. áætlun.
- Veltufé frá rekstri nam 1.211 m.kr. á árinu 2021 á meðan afborganir langtímalána námu 1.192 m.kr. Afborganir langtímalána hækkuðu um 25,1% á milli ára vegna aukinnar lántöku og vegna þess að stór hluti lánanna er að eldast og afborgunarhluti að vaxa. Vaxtaþekja hækkaði í 2,09 en skuldaþekja lækkaði í 1,00 á árinu 2021 (1,99 og 1,06 í lok árs 2020) og eru yfir lágmörkum sem félagið hefur sett sér þ.e. 1,4 og 0,9. Vaxtaþekja lýsir hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta og skuldaþekja mælir greiðsluhæfi fyrirtækis.
- Lántökur á árinu námu alls 7.901 m.kr. Lánin voru öll tekin með útgáfu félagslegra skuldabréfa í nafni félagsins. Jafnframt fengust 1.922 m.kr. greiddar í stofnframlög frá ríki og borg. Útistandandi krafa vegna ógreiddra stofnframlaga frá ríkinu stóð í 465 m.kr. við lok árs 2021.


Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Mikilvægt er að félagið rýni viðhaldsþörf til næstu fimm ára og geri áfangaskipta viðhaldsáætlun til að tryggja gæði íbúða félagsins.

Orkuveita Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur (m.kr.)	Raun 2021	Raun 2020	Breyting	%
Rekstrartekjur	51.890	48.627	3.263	6,7%
Rekstrargjöld	-31.637	-32.229	592	-1,8%
EBITDA	33.510	29.454	4.056	13,8%
EBIT	20.253	16.398	3.855	23,5%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-4.060	-10.848	6.788	-
Tekjuskattur	-4.152	78	-4.230	-
Afkoma	12.040	5.628	6.412	113,9%


Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 12.040 m.kr. sem er hækkun um 6.412 m.kr. milli ára. Meginskýring á hækkun afkomu er vegna breytinga á gangvirði innbyggðra afleiða sem var jákvæð um 723 m.kr. 2020 en er nú jákvæð um 6.573 m.kr. Tekjur aukast vegna hækkandi álverðs auk þess hefur tekist að lækka rekstrarkostnað umtalsvert sem leiðir til þess að rekstrarhagnaður (EBITDA) hækkar um 4.056 m.kr. milli tímabila.



Rekstrartekjur hækka um 3.263 m.kr. eða 6,7% milli tímabila. Tekjuaukning skýrist einkum af auknum tekjum í sölu raforku sem tengd er álverði en breytingin milli ára er 2.389 m.kr., auknum tekjum hjá Ljósleiðaranum vegna fjölgunar viðskiptavina og auknum tekjum í dreifingu og flutningi á rafmagni hjá Veitum.


Tekjur eftir starfspáttum (í m.kr.)	Raun 2021	Raun 2020	Mism.	%
Veitur	31.636	30.981	655	2,1%
Orkusala og framleiðsla	16.339	14.416	1.923	13,3%
Önnur starfsemi	3.915	3.230	685	21,2%
	51.890	48.627	3.263	6,7%

Tekjur skiptast á þrjá starfspætti: Veitukerfi, orkusala og framleiðsla og aðra starfsemi. Framleiðsla og sala raforku sem og starfsemi Ljósleiðarans falla undir samkeppnisrekstur og nema tekjur af honum 38,0% af heildartekjum samstæðu OR.



Rekstrargjöld án afskrifta lækka um 793 m.kr. milli tímabila eða 4,1%. Orkukaup og flutningur hækka um 79 m.kr. Laun og launatengd gjöld lækka um 248 m.kr. Annar rekstrarkostnaður lækkar um 623 m.kr. sem skýrist að mestu af lægri viðhaldskostnaði veitukerfa.

Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.)	2021	2020	Mism.	%
Orkukaup og flutningar	5.872	5.793	79	1,4%
Laun og launatengd gjöld	7.502	7.750	-248	-3,2%
Annar rekstrarkostnaður	5.006	5.629	-623	-11,1%
	18.380	19.172	-792	-4,1%



Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (m.kr.)	Raun 2021	Raun 2020	Mism.	%
Vaxtatekjur	183	313	-131	-41,7%
Vaxtagjöld og verðbætur	-4.562	-4.985	423	-8,5%
Áfallnar verðbætur	-3.833	-2.658	-1.174	44,2%
Gangvirðisbreytingar og áhættuvarnarsamningar	4.874	1.009	3.865	383,1%
Gengismunur	1.739	-4.620	6.359	-137,6%
Aðrar tekjur(-gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum	-2.458	88	-2.546	-2889,4%
Samtals	-4.056	-10.852	6.796	-62,6%

Vaxtagjöld og verðbætur lækka um 306 m.kr. milli tímabila, áfallnar verðbætur lána hækka um 1.174 m.kr. milli tímabila vegna aukinnar verðbólgu en ábyrgðagjald til eigenda lækka um 117 m.kr. vegna afborgunar lána sem eru í ábyrgð eigenda.

Gangvirðisbreytingar eru jákvæðar um 6.282 m.kr. og hafa hækkað um 5.229 m.kr. milli ára. Breytingin skýrist fyrst og fremst af hækkun á álverði sem hefur jákvæð áhrif á virði innbyggðrar afleiðu en neikvæð áhrif á áhættuvarnarsamninga. Uppgjör gjaldmiðlasamninga við Glitni á árinu var alls 2.579 m.kr.

Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	31.12.2021	31.12.2020	Breyting	%
Fastafjármunir	373.279	356.110	17.169	4,8%
Veltufjármunir án handbærs fjár, bundinna innlán og markaðsverðbréf	15.626	7.367	8.259	112,1%
Handbært fé, bundin innlán og markaðsverðbréf	24.977	30.687	-5.710	-18,6%
Eignir samtals	413.882	394.164	19.718	5,0%
Eigið fé	213.653	188.126	25.527	13,6%
Langtímaskuldir	171.160	175.626	-4.466	-2,5%
Næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda	15.188	19.350	-4.162	-21,5%
Skammtímaskuldir án næsta árs afborgana	13.881	11.062	2.819	25,5%
Skuldir samtals	200.229	206.038	-5.809	-2,8%
Skuldir og eigið fé samtals	413.882	394.164	19.718	5,0%

Heildareignir félagsins eru 414 ma.kr. í lok árs 2021 og hafa hækkað um 19,7 ma.kr milli ára. Fjárfest var fyrir 18,4 ma.kr. í rekstrarfjármunum. Afskrift rekstrarfjármuna nam 13,1 ma.kr. Á árinu var framkvæmt endurmat á varanlegum rekstrarfjármunum og nam endurmatið 18,5 ma.kr. Leigugeignir í lok árs nema 2,6 ma.kr., á móti er færð leiguskuld, samtals 2,7 ma.kr.

Veltufjármunir nema samtals 40,6 ma.kr. og hækka um 2,6 ma.kr. frá áramótum.

Virði innbyggðra afleiðna raforkusölusamninga hækka um 6.573 m.kr. sem einkum má rekja til hækkunar á framvirkum álverðum. Uppgjör og gangvirðisbreytingar áhættuvarnarsamninga eru neikvæð um 2.372 m.kr. en þar á meðal eru álvarnarsamningar. Aðrir þættir sem hafa áhrif við mat gangvirðis fjármálagerninga er gengi, vextir, áhættuálag og tími.


Heildarskuldir félagsins eru 200 ma.kr. í lok tímabils og hafa lækkað um 6,0 ma.kr. Langtímaskuldir félagsins hafa lækkað um 4,5 ma.kr. Megin skýring lækkunar er vegna uppgreiðslu á lánum sem eigendur veittu í tengslum við PLANIÐ og jákvæðra áhrifa af hækkun álverðs á virði innbyggðrar afleiðu. Heildarafborganir lána námu 24,2 ma.kr. og lántökur námu 14,3 m.kr. Nettóskuldir eru 140,7 ma.kr. í lok tímabils sem er um 1 ma.kr. lækkun frá árslokum 2020.

	2021	2020
Vaxtaberandi skuldir 1/1	171.700	154.019
Hreyfingar með greiðsluáhrifum		
Ný lántaka	14.284	29.965
Afborganir	-24.184	-22.225
Hreyfingar án greiðsluáhrifa		
Gengismunur	-678	7.236
Verðbætur	3.925	2.706
Vaxtaberandi skuldir 31/12	165.047	171.701

Langtímaskuldir (í m.kr.)	2021	2020	Breyting	%
Langtímaskuldir í innlendri mynt	100.360	100.913	13.432	-0,5%
Langtímaskuldir í erlendri mynt	64.687	70.788	-10.697	-8,6%
	165.047	171.701	2.735	-3,9%

Sjóðstreymi Sjóðstreymisyfirlit gefur glögga mynd af raunverulegu peningastreymi til og frá fyrirtækinu og sýnir hvaða þættir hafa áhrif á handbært fé á tímabilinu. Myndin hér fyrir neðan sýnir breytinguna með súluriti þar sem grænar súlur sýna fjárstreymi inn í sjóð og rauðar súlur sýna fjárstreymi úr sjóði. Bláa súlan lengst til vinstri sýnir handbært fé í upphafi árs 2021 og sú sem er lengst til hægri í lok árs 2021.

Bundnar innstæður og markaðsverðbréf þann 31. desember 2021 voru 14,7 ma.kr. og eru ekki taldar með handbæru fé í lok tímabils í grafinu hér að neðan. Samtals sjóður í árslok nam 25 ma.kr.



Eignabreytingar 2021

Fjárfesting **Veitna** nam 11,7 ma.kr. á tímabilinu.

Hjá hitaveitunni voru helstu fjárfestingar vegna endurnýjunar á flutningsæð hitaveitu frá Deildartunguhver að Akranesi, heimlögnum, djúpdælu í Bolholti, endurnýjun búnaðar í stýrishúsi á Nesjavallaræð, endurnýjun búnaðar í dælustöð á Reynisvatnsheiði, endurnýjun dreifikerfis.

Í vatnsveitunni voru helstu fjárfestingar í endurnýjun veitukerfa og nýlagnir við Bústaðarveg.

Hjá fráveitunni voru helstu fjárfestingar fóðrun fráveitulagna, uppbygging á nýrri skólþdælustöð í Naustavogi, endurnýjun á stofnlögnum og ný dælustöð til að tengja Flóahverfi á Akranesi.

Í rafmagnsdreifingu voru helstu fjárfestingar lagning háspennustrengjar í stað Skálafellslínu og Lögbergslínu, ný aðveitustöð við Sægarða, endurnýjun aðveituspenna í aðveitustöðinni á Korpu, styrking háspennukerfis að Vatnsmýri.

Fjárfesting **Orku náttúrunnar** nam 2,4 ma.kr.

Helstu fjárfestingar voru tengd orkuskiptum í samgöngum með uppsetning hleðslustöðva fyrir rafbíla. Fjárfesting í nýtingu á skilju- og þéttivatni til varmaframleiðslu sem og endurnýjun á stopplokum. Á Nesjavöllum stendur einnig yfir endurnýjun á stjórnkerfum sem eru komin til ára sinna. Auk verkefna sem snúa að gasniðurdælingu og annarra endurbóta á framleiðslukerfum.

Önnur fjárfesting nam 3,9 ma.kr. Helstu fjárfestingar eru í áframhaldandi uppbyggingu ljósleiðarakerfis og endurbótum á Bæjarhálsi, vesturhúsi.

Lánshæfismat

OR er með lánshæfismat hjá tveimur matsfyrirtækjum Moody's og Fitch Ratings.

Matsfyrirtækið Fitch Ratings hækkaði lánshæfiseinkunn OR úr BB+ í BBB- með stöðugum horfum í apríl 2021. OR er því komið í fjárfestingaflokk hjá Fitch.

Matsfyrirtækið Moody's hækkaði lánshæfiseinkunn OR úr Ba1 stöðugar horfur í Baa3 stöðugar horfur í september 2021. OR er því komið í fjárfestingarflokk hjá Moody's.

Stjórnendur OR settu sér það markmið í Planinu að komast í fjárfestingaflokk hjá erlendu matsfyrirtækjunum og hefur því markmiði nú verið náð hjá Fitch og Moodys. Að vera í fjárfestingaflokki getur leitt til aukins aðgengi að fjármagni og áhættuvörnum á betri kjörum.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** OR fyrir árin 2017-2021:

Orkuveita Reykjavíkur	2017	2018	2019	2020	2021	Arðgreiðsluskilyrði
Eiginfjárlutfall	46,10%	47,30%	49,30%	47,70%	51,60%	≥ 40%
Arðsemi eigin fjár	12,10%	3,90%	4,00%	3,00%	6,00%	
Veltufjárlutfall	1	1	1	1,3	1,3	≥ 1
Vaxtaþekja	5	4	4,2	4	4	≥ 3,5
ROCE	5,80%	5,50%	4,50%	4,30%	5,10%	
Nettó skuldir/handbært fé frá rekstri	6,2	6,4	6	6,1	5,5	
Handbært fé frá rekstri/Nettó skuldir	16,00%	15,70%	16,80%	16,30%	18,20%	
RCF/nettó skuldir	15,40%	14,80%	15,70%	14,20%	15,30%	≥ 13%

Fyrirtækið er eins og áður háð þróun ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs, en verulega bættur rekstur og áhættuvarnir styrkja fjárhagsstöðu þess sem leitt hefur til umtalsvert betri stöðu fyrirtækisins gagnvart fjármálastofnunum á síðustu árum.

Fyrirtækið hefur verið virkt á skuldabréfamarkaði síðan 2016 þegar stofnaður var útgáfurammi fyrir skuldabréf og víxla. Í lok árs 2018 fór OR af stað með undirbúning á grænum skuldabréfamarkaði, vottunaraðilinn CICERO gaf rammanum og umgjörðinni dökkgrænan stimpil. Græn skuldabréf eru skuldabréf sem notuð eru til að fjármagna umhverfisvæn fjárfestingaverkefni.

Á árinu 2021 uppfærði OR græna skuldabréfamann í grænan fjármögnunarramma og fellur öll fjármögnun þar undir, hvort sem það er skuldabréfaútgáfa, lántaka eða annað. Einnig hefur breyting orðið á að í stað þess að horfa á einstök verkefni þá er verið að horfa á umhverfisvænar/grænar eignir. Vottunaraðilinn CICERO gaf rammanum dökkgrænan stimpil.


Á árinu 2021 nam fjármögnun alls 14.284 m.kr. Þar af var gefið út í nýjum óverðtryggðum flokk OR180242 GB alls 4.198 m.kr. að nafnvirði og þá gaf Ljósleiðarinn út í verðtryggðum grænum flokki GR010641 GB alls 6.115 m.kr. að nafnvirði.

Á árinu 2021 hefur álverð farið hækkandi. Í upphafi árs sveiflaðist verðið í kringum 2.000 USD/tonn en hefur á undanförunum mánuðum hækkað og stóð í lok desember í tæpum 2.800 USD/tonn, álverð hefur því hækkað um 40% á árinu 2021. Þróun álverðs hefur áhrif á tekjur vegna raforkusölu til stóriðju, mat á virði innbyggðra afleiðna orkusölusamninga, uppgjör áhættuvarnarsamninga og gangvirðismat þeirra.

Áhættustýring


Hækkun vaxta getur falið í sér áhættu í rekstri og efnahag OR. Á undanförunum árum hefur OR fest vexti með nýrri lántöku á föstum vöxtum og með framvirkum samningum til að draga úr áhættu. Myndin sýnir hlutfall heildarskuldbindinga hvers árs sem ber fasta vexti m.v. stöðu 31. desember 2021.

Varnarhlutfall vaxta




Gerðir eru áhættuvarnarsamningar til að verja tekjur af orkusölu til stóriðju fyrir lækkun álverðs. Samningar eru gerðir nokkur misseri fram í tímann. Á myndinni má sjá varnarhlutföll álverðstengdra tekna þann 31. desember 2021.

Álvarnarhlutföll



Gjaldeyrissáætla OR er einkum vegna erlendra lána og tekna hjá ON Power ohf., en raforkusala þess félags er í gjaldmiðlunum USD og EUR. Framvirkir samningar eru gerðir til að draga úr áhættu af óhagstæðri gengisþróun, með því eru mörk sett á hugsanlegt misvægi í rekstri og efnahag. Myndin sýnir áætlað gjaldeyrisstreymi, stuðst er við dagsloka gengi Seðlabanka Íslands 31.12.2021.

Gjaldeyrisflæði ma.kr.



Neðangreind tafla sýnir upphæðir tekna, kostnaðar og afborgana lána í erlendri mynt.

	2021	2020	Breyting	%
Tekjur í erlendri mynt	8.966	7.273	1.693	23,3%
Kostnaður í erlendri mynt	1.631	1.392	239	17,2%
Afborganir í erlendri mynt	8.362	10.068	-1.706	-16,9%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Grunnrekstur OR (EBITDA) hækkar á milli ára um 4.056 m.kr. eða um 13,8%. Hækkunina má að mestu rekja til þess að rekstrartekjur hækkuðu um 3.263 m.kr. vegna aukna tekna af raforkusölu sem tengd er álverði, auk aukinni tekna hjá Ljósleiðaranum og Veitum. Auk þess hefur tekist að lækka rekstrarkostnað um 623 m.kr.
- Rekstarniðurstaðan batnar mjög á milli tímabilinu og er jákvæð uppá 12.040 m.kr og hækkar um 6.412 m.kr frá fyrra ári. Hækkað álverð vegur þar þýngst.
- Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld voru neikvæð um 4.060 m.kr sem er 6.788 m.kr breyting til batnaðar frá 2020. Breytinguna má einkum rekja til gangvirðisbreytinga vegna hækkandi álverðs. Gangvirðisbreytingar eru jákvæðar um 6.282 m.kr. og hafa hækkað um 5.229 m.kr. milli ára. Á móti kemur uppgjör gjaldmiðlasamninga við Glitni á árinu sem nemur alls 2.579 m.kr.
- Eignir OR jukust um 19,7 ma.kr. á árinu eða um 5%. Vaxtaberandi skuldir lækkuðu úr 171,7 ma.kr í upphafi árs í 165,0 ma.kr. eða um 3,9%. Lækkun skulda má að rekja til uppgreiðslu á lánum og jákvæðra áhrifa af hækkun álverðs. Eiginfjárlutfall OR hækkaði á tímabilinu í 51,6% úr 47,7%.
- Handbært fé frá rekstri er um 25,6 ma.kr. og hækkar frá sama tímabili um 2,4 ma.kr. Góð staða handbærs fjár frá rekstri gerir OR kleift að standa undir háum afborgunum.
- Veltufjárlutfallið er 1,3 sem er yfir markmiði (1,0). Aðrar kennitölur fyrirtækisins eru yfir markmiðum aðgreiðsluskilyrða.
- Gjaldeyrisáætla OR er einkum vegna erlendra lána og einnig tekna hjá ON Power. Frá og með árinu 2023 til 2026 er sjóðstreymi í erlendum gjaldeyri neikvætt. Nemur uppsafnað nettó útflæði gjaldeyris yfir tímabilið 2021-2026 rúmum 17,2 ma.kr.
- Stjórnendur OR settu sér það markmið í Planinu að komast í fjárfestingaflokk hjá erlendu matsfyrirtækjunum og hefur því markmiði nú verið náð hjá Fitch og Moodys. Að vera í fjárfestingaflokki getur leitt til aukins aðgengis að fjármagni og áhættuvörnum á betri kjörum.


Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsvið:

- Framlegð fyrirtækisins (EBITDA / rekstrartekjur) er um 64,6% og hefur styrkst um 4% miðað við sama tímabil í fyrra. Mikilvægt er að framlegð reksturs OR haldist stöðug og góð þar sem fyrirtækið er viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs.
- Lán sem hafa eigendaábyrgð nema um 69,6 ma.kr. en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 65,0 ma.kr. Mikilvægt er að gera aðgerðaáætlun um hvernig þessum ábyrgðum verði mætt ef á reynir.
- Fjármála- og áhættustýringarsvið telur brýnt fyrir borgarsjóð að skilgreint sé þak á erlendar skuldir fyrirtækisins til lengri tíma, t.d. með hliðsjón af tekjum, framlegð, greiðsluflæði í erlendum myntum eða jafnvægi í efnahag og að sett séu skýr markmið um aðlögun að slíku markmiði. Um leið getur verið ástæða til að skerpa á áskilnaði eigendastefnu um að framkvæmdir séu almennt fjármagnaðar í sama gjaldmiði og tekjur sem af þeim hljóta.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (m.kr.)	Raun 2021	Áætlun 2021	Breyting	%	Raun 2020	Breyting	%
Rekstrartekjur	3.929	3.691	237	6,4%	3.233	696	21,5%
Rekstrargjöld	-3.711	-3.676	-35	1,0%	-3.431	-280	8,2%
EBITDA	339	144	195	135%	-74	413	-560%
EBIT	217	15	202	1321%	-198	415	-210%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-14	-14	0	2,7%	-12	-3	21,7%
Óreglulegir liðir (tekjur)	169	0	169		0	169	
Rekstrarniðurstaða	372	1	371	28523%	-210	582	-277,5%

Rekstrarniðurstaða: Niðurstaða ársins er jákvæð um 372 m.kr. sem er mun betri afkoma en áætlað var, en gert var ráð fyrir reksturinn yrði í járnnum 2021. Megin skýring má rekja til hærri tekna af sjúkraflutningum, samkomulags SHS og Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) um endurgreiðslu á kostnaði sem féll til vegna Covid-19 á árinu 2020 og 2021 og tekjur af öðrum verkefnum tengt Covid-19, t.a.m. aðstoð við bólusetningar í Laugardalshöll og PCR próf.




Rekstrartekjur:

Tekjur (m.kr.)	Raun 2021	Áætlun 2021	Breyting	%	Raun 2020	Breyting	%
Framlage eigenda til rekstrar	1.982	1.982	0	0,0%	1.605	377	23,5%
Framlage eigenda í fjárfestingasjóð	123	123	0	0,0%	95	28	29,3%
Framlage eigenda til almannavarnanefndar	20	20	0	0,0%	19	1	5,2%
Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga	1.582	1.369	213	15,5%	1.314	267	20,3%
Aðrar sértekjur v/Covid	169	0	169		0	169	
Aðrar sértekjur	110	87	23	26,3%	87	23	27,0%
Húsaleigutekjur	112	111	2	1,4%	113	-1	-0,4%
	4.098	3.691	406	11,0%	3.233	865	26,7%

Heildartekjur ársins eru um 406 m.kr. (11%) hærri en gert var ráð fyrir 2021, þar vegur þýngst hærri tekjur af sjúkraflutningum um 213 m.kr., þar af eru um 117 m.kr. vegna Covid-19 flutninga. Á árinu 2021 voru sjúkraflutningar um 29% fleiri miðað við 2020. Heildarfjöldi sjúkraflutninga 2021 eru ríflega 35 þúsund þar af eru um 5 þúsund Covid-19 eða um 14%.

Aðrar sértekjur vegna Covid-19 eru um 169 m.kr., þar vegur þýngst endurgreiðsla á útlögðum kostnaði SHS sem tilkomin er vegna ýmissa ráðstafana sem gripið var til í þeim tilgangi að tryggja órofna þjónustu og lágmarka smit í hópi starfsmanna, stór hluti af því féll til 2020.

Aðrar sértekjur eru um 23 m.kr. hærri en áætlað var sem kemur að stærstum hluta til vegna 8 m.kr. greiðslu frá HMS vegna námskeiða sem gert var ráð fyrir að kæmi fyrri hluta 2022 og um 6 m.kr. greiðsla á hlut HMS í sameiginlegu verkefni sem fólst í að kortleggja búsetu í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.




Rekstrargjöld:

Gjöld (m.kr.)	Raun 2021	Áætlun 2021	Breyting	%	Raun 2020	Breyting	%
Launakostnaður	3.041	3.008	33	1,1%	2.797	245	8,8%
Annar rekstrarkostnaður	548	539	9	1,8%	510	38	7,5%
Afskriftir	122	129	-7	-5,7%	124	-3	-2,0%
	3.711	3.676	35	1,0%	3.431	280	8,2%

Launakostnaður ársins er um 33 m.kr. hærri en áætlun, sem kemur til vegna fjölgunar í varðliðinu síðustu mánuði ársins til að mæta auknu álagi í sjúkraflutningum og verkefnum tengdum Covid-19. Á móti hafa komið umtalsverðar auknar tekjur vegna Covid-19 verkefna.

Annar rekstrarkostnaður ársins er um 9 m.kr. hærri en áætlað var, sem rekja má til hækkunar á starfsmannatengdum kostnaði vegna tímabundinnar fjölgunar starfsfólks vegna Covid-19 og annarra verkefna.




Efnahagur:


Efnahagur (m.kr.)	31.12.2021	31.12.2020	Breyting	%
Fasta fjármunir	2.252	2.352	-99	-4,4%
Veltufjármunir án handb. fjár	133	138	-5	-3,6%
Handbært fé	757	233	524	69,2%
Eignir samtals	3.143	2.723	420	13,4%
Eigið fé	2.404	2.032	372	15,5%
Langtímaskuldir	200	204	-4	-1,9%
Næsta árs afborganir langt. skulda	14	13	1	4,1%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	525	474	51	9,8%
Skuldir samtals	739	691	48	6,5%
Skuldir og eigið fé samtals	3.143	2.723	420	13,4%

Eiginfjárlutfall SHS í lok ársins er um 77%, en var í lok árs 2020 um 75%. Eina langtímaskuld samstæðunnar er við Lánasjóð sveitarfélaga vegna láns sem tekið var vegna byggingar slökkvistöðvarinnar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ.

Stjórn SHS hefur samþykkt að slökkvistöðin við Tunguháls verði seld og fundin hentugri staðsetning fyrir nýja slökkvistöð. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hvar ný slökkvistöð verður staðsett, en vonir standa til að það verði gert á þessu ári og byggingaframkvæmdir geti mögulega hafist á næsta ári. Ekki er búið að ákveða hvort þær framkvæmdir verði fjármagnaðar með lántökum eða framlagi frá eigendum, þ.e. aðildarsveitarfélögum SHS.



Sjóðstreymi:



Handbært fé í lok árs er 757 m.kr. og hefur hækkað um 524 m.kr. á tímabilinu.


Fjárfestingar 2021 eru um 28 m.kr. sem er töluvert undir því sem gert var ráð fyrir. Helstu fjárfestingar ársins eru búnaður fyrir varðliðið 16 m.kr. og uppfærsla á hugbúnaði og endurnýjun á tölum samtals um 9 m.kr., sem er töluvert minna en áætlun ársins gerði ráð fyrir, þar var gert ráð fyrir um 123 m.kr.

Fjárfestingar síðustu tvö ár hafa verið minni en gildandi brunavarnaráætlun gerir ráð fyrir og því er gert ráð fyrir að farið verði töluverðar fjárfestingar 2022, þar vegur þyngst fjárfesting í tveimur nýjum körfu-/stigabifreiðum, slökkvibifreið fyrir Kjalarnes, nýrri pallbifreið ásamt ýmsum öðrum búnaði til slökkvistarfa. Í samþykktri fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 400 m.kr. en í ljósi þess að minna hefur verið fjárfest síðustu ár en áætlanir gerðu ráð fyrir, er gert ráð fyrir að þeim fjárfestingum sem var frestað flytjist á milli ára og fjárfest verði fyrir allt að 440 - 500 m.kr. 2022.

Undirbúningur vegna fyrirhugaðs útboðs á körfu-/stigabifreiðum er hafinn og gert er ráð fyrir að bjóða út á þessu ári og að bifreiðirnar verði afhentar og greiddar 2022. Áætlaður heildarkostnaður er 280-300 m.kr.

Auk þessa er gert ráð fyrir að farið verði í endurnýjun á búningaaðstöðu kvenna í Hafnarfirði sem hefur staðið til lengi, ásamt því að ráðast í nauðsynlegt viðhald á þaki á Tunguhálsi.

Gert er ráð fyrir að fyrirhugaðar fjárfestingar verði fjármagnaðar með handbæru fé.





Fjöldi útkalla:

Á árinu voru yfir 42 þúsund útköll vegna sjúkraflutninga, þar af eru um 5 þúsund útköll í tengslum við Covid-19. Heildarfjöldi útkalla ársins eru um 28% fleiri en á sama tímabili 2020. Heildarfjöldi útkalla sem verða að flutningi sjúklings eru um 35 þúsund eða um 83% sem er um 2% lægar en undanfarin ár. Ef Covid-19 flutningar eru undanskildir er aukning í flutningum milli ára um 19%, engin ein skýring er á þessari fjölgun, annað en mikið álag er á heilbrigðiskerfið í heild, þar sem aukningin dreifist nokkuð jafnt á milli allra forgangsflokka flutninga.

Gert er ráð fyrir að þessi mikla fjölgun í sjúkraflutningum 2021 sé að hluta tilkomið vegna álags sem megi rekja til áhrifa Covid-19 á starfsemi Landsspítalans og að hún muni að einhverju leiti ganga til baka þegar jafnvægi kemst á Covid-19 faraldurinn. Áfram er þó gert ráð fyrir að á næstu árum muni sjúkraflutningum fjölga, en þó í takt við íbúafjölgun á höfuðborgarsvæðinu.

Fjöldi útkalla hjá slökkviliðinu sveiflast meira milli ára og eru ástæður þess m.a. mismargir sinueldar og óveðursútköll milli ára.

Samningur SHS við Sjúkratryggingar Íslands sem undirritaður var í október 2014 er laus. Samningurinn var til sex ára eða til ársloka 2020. Samningur var framlengdur í tvígang um sex mánuði í senn og svo aftur í tvígang um einn mánuði og rann síðari framlengingin út um mánaðarmótin febrúar mars. Samningaviðræður standa yfir og gert er ráð að þær klárast á næstu vikum.



Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SHS samstæðunnar árin 2017- 2021:

SHS samstæðan	2017	2018	2019	2020	2021
Eiginfjárlutfall	74,4%	76,7%	77,1%	74,6%	76,5%
Arðsemi eigin fjár	16,5%	4,0%	5,8%	-10,3%	18,3%
Veltufjárlutfall	1,34	1,59	1,07	0,56	1,65
Langtímaskuldir/eigið fé	10,9%	10,8%	9,9%	10,0%	8,3%
Uppgreiðslutími	0,6	1,3	1,0		0,4
Heildarskuldir/rekstrartekjum	25,0%	21,9%	21,3%	21,4%	18,0%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	15,1%	5,8%	7,3%	-2,4%	12,3%
Framlegð (EBIDTA)/restrartekjur	5,0%	4,9%	6,9%	-2,3%	8,6%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Vegna nýrra uppgjorsreglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í uppgjör samstæðu Reykjavíkurborgar en ekki allt félagið eins og verið hefur. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri SHS:

Hlutur Reykjavíkurborgar í rekstri SHS	Raun 2021	Áætlun 2021	Breyting	%	Raun 2020	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.216	2.082	134	6%	1.821	394	22%
Rekstrargjöld	-2.093	-2.074	-20	1%	-1.933	-160	8%
EBITDA	191	81	110	135%	-42	233	-560%
EBIT	123	9	114	1321%	-111	234	-210%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-8	-8	0	3%	-7	-1	22%
Óreglulegir liðir (tekjur)	95	0	95		0	95	
Rekstrarniðurstaða	210	1	209	28523%	-118	328	-278%

- Rekstrarniðurstaðan er 371 m.kr betri en áætlun gerði ráð fyrir og munar þar mestu um eingreiðslu frá Sjúkratryggingum Íslands vegna Covid-19 uppá um 169 m.kr. og hærri tekjur af sjúkraflutningum.
- Rekstrargjöld eru aðeins undir áætlun.
- Veltufjárhlutfallið er yfir æskilegu lágmarki sem er 1.
- Kennitölur sína að reksturinn er að taka við sér eftir erfitt ár á undan.

SORPAbs. (mkr.)	Raun 2021	Áætlun 2021	Breyting	%	Raun 2020	Breyting	%
Rekstrartekjur	4.588	4.736	-147	-3,1%	3.808	781	20,5%
Rekstrargjöld	-4.128	-4.316	-188	-4,4%	-3.810	318	8,4%
EBITDA	791	844	-53	-6,3%	306	484	158,0%
EBIT	460	419	41	9,8%	-2	462	22084,3%
Fjármagnsliðir	-129	-200	-71	-35,5%	-142	-13	-9,0%
Rekstrarniðurstaða	331	219	112	51,2%	-144	475	-329,6%


Rekstrarniðurstaða: Samlagið fór í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu á fyrri hluta árs 2020 sem endurspeglast í jafnvægi í rekstri árið 2021. Árið einkenndist af varfærni í rekstri og fjárfestingum og áhersla var lögð á jákvætt fjárstreymi og að veltufé frá rekstri yrði ásættanlegt. Hagnaður ársins var 331 m.kr. sem er 112 m.kr. hærri en áætlunir gerðu ráð fyrir eða 51%. Á árinu á undan var tap af rekstri samlagsins að fjárhæð 144 m.kr. og hækkan því á milli ára 475 m.kr.

Magn strauma fóru lækkandi frá árinu 2020 eða um 11% í Álfsnesi. Þessi magnminnkun olli samdrætti í rekstrartekjum samlagsins og eru tekjur 147 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir eða 3%. Rekstur samlagsins fylgir hagsveiflum í landinu og nú þegar samdráttur var í efnahagslífinu snertir það afkomu samlagsins. Á móti hefur verið á endurvinnsluefnum hækkað á milli ára en það fylgir alla jafna heimsmarkaðsverði og samningum samlagsins við birgja.

Í lok árs 2020 var veltufjárhlutfall samlagsins orðið 0,43 og til að tryggja betur rekstrargrundvöll samlagsins greiddu eigendur 500 m.kr. í stofnfjárframlag til samlagsins í byrjun árs 2021. Áfram mun samlagið vinna að aðgerðum til að tryggja betur rekstrargrundvöll þess og er aðhald í rekstrarkostnaði og fjárfestingum liður í því, ásamt niðurgreiðslu á skammtímaskuldum. Veltufjárhlutfall samlagsins í lok árs 2021 hefur hækkað og er 0,79.

Miklar breytingar eru framundan í rekstri samlagsins er snúa að breyttum vinnsluferlum, en samlagið minnkar urðun töluvert á næsta ári og hefur útflutning á brennanlegum straumum. Útflutningi fylgir meiri kostnaður sem hafði áhrif á gjaldskrá samlagsins sem tók gildi núna um áramót. Lífræni straumar fara í GAJA, þar sem molta og metangas er framleitt en hreinleiki moltunar er ábótavant. Til þess að fá gæðamoltu úr framleiðslu GAJA þurfa lífræni straumar sem henni berast að vera hreinni, eins og staðan er í dag er of mikið plast og gler í moltunni. Starfshópur var stofnaður á árinu og stefnt er að því að hefja sérsöfnun á lífrænum straumum við heimili á árinu 2022. Samlagið hefur unnið markvisst að markaðspróun metans og veruleg eftirspurn er eftir afurðinni í iðnað og stórflutninga.

Á árinu komu í ljós gallar í GAJA þar sem staðbundin mygla kom fram á límtrésbitum í lofti stöðvarinnar. Þetta hefur ekki haft áhrif á gasvinnslu stöðvarinnar en moltuvinnslan hefur legið niðri frá því í ágúst 2021. Samstarfsnefnd er að störfum vegna þessa en endanleg niðurstaða um hvað olli tjóninu er ekki ljós. Samkomulag hefur verið gert við Aikan um aðkomu að endurræsingu moltuvinnslunnar og unnið er að samkomulagi við Ístak um lagfæringar á húsinu. Gert er ráð fyrir að nauðsynlegum lagfæringum verði lokið í byrjun maí og að moltuvinnsla geti hafist í beinu framhaldi.



Magnbólur	2017	2018	2019	2020	2021	Breyting 2020-2021
Endurvinnslustöðvar gjaldtekið inn (m3)	25.777	28.970	29.968	33.534	38.118	15,3%
Endurvinnslustöðvar út (tonn)	50.810	55.068	53.239	60.756	53.556	-13,5%
Móttökustöð (tonn)	108.429	107.523	93.125	93.569	91.145	-2,6%
Álfsnes (tonn)	148.724	172.734	190.039	177.161	156.208	-11,0%

Heimsóknir	2017	2018	2019	2020	2021	Breyting 2020-2021
Endurvinnslustöðvar (fjöldi ökutækja)	694.104	696.292	888.634	983.510	902.067	-8,3%
Móttökustöð (fjöldi sölup)	46.185	48.890	46.495	47.173	49.796	5,6%
Álfsnes (fjöldi sölup)	14.161	15.905	14.535	14.380	14.046	-2,3%

Endurvinnslustöðvar eru reknar skv. þjónustusamningi samlagsins við sveitarfélögin á höfuðborgar-svæðinu. Tekjur þeirra eru ávallt jafnháar gjöldum og hefur rekstur þeirra því ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins. Umferð á endurvinnslustöðvunum minnkar aðeins á milli ára eða um 8%. Gjaldtekið magn inn á stöðvarnar á árinu nam 38.118 rúmmetrum og eykst um 15% frá árinu á undan. Þar hefur aukið gjaldtaka í hliði áhrif en gert var áttak í þeim


málum á árinu. Heildarmagn inn á stöðvarnar á árinu voru 53.556 tonn sem er 14% minna magn en árið á undan en árið 2020 var metár í móttæknu magni.

Aðstæður á endurvinnslustöðvunum eru misgóðar og á sumum stöðvum er plássleysi að verða stórt vandamál. Stöðin á Dalvegi annar vart núverandi umferð og aðstaðan gæti skapað bæði starfsfólki og viðskiptavinum hættu. Svipuð staða er í Jafnaseli. Íbúðabyggð hefur sífellt færst nær stöðinni á Ánanaustum og umkvartanir vegna hávaða aukist. Breyting á skipulagi og uppbyggingu Ártúnshöfðans liggur fyrir og stöðin á Sævarhöfða verður flutt upp á Lambhaga. Stöðin í Mosfellsbæ annar umferð nokkuð vel í dag og sama á við um stöðina á Breiðhelli í Hafnarfirði.

Undirbúningur að byggingu nýrrar endurvinnslustöðvar á Lambhagavegi er hafin og gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í lok ársins 2022.

Rekstrartekjur voru 147 m.kr. undir áætlun eða 3% en hækkuðu um 781 m.kr. frá árinu á undan eða um 21%.


Tekjur (mkr.)	Raun 2021	Áætlun 2021	Mism.	%	Raun 2020	Mism.	%
Móttökugjöld	1.503	1.870	-367	-19,6%	1.218	285	23,4%
Endurvinnsluafurðir	1.067	779	287	36,9%	627	440	70,2%
Endurvinnslustöðvar	1.579	1.679	-100	-6,0%	1.591	-12	-0,8%
Nytjamarkaður	406	396	11	2,7%	305	101	33,2%
Aðrar tekjur	33	11	22	193,6%	67	-33	-50,0%
	4.588	4.736	-147	-3,1%	3.808	781	20,5%



Rekstrargjöld voru 188 m.kr. undir áætlun eða 4% en hækkar um 318 m.kr. frá árinu á undan eða um 8%. Helsta breytingin frá áætlun er vegna „Rekstur húsnæðis og lóðar“ sem er 174 m.kr. lægri vegna þess að frágangur á urðunarstað hefur ekki enn hafist. „Móttaka, flutningur og ráðstöfun“ er 102 m.kr. lægri meðal annars vegna minna magns sorps og minna viðhalds véla og tækja í móttökustöð. Afskriftir eru 94 m.kr. lægri en samlagið hefur frestað fjárfestingum á milli ára.

Rekstur endurvinnslustöðva gekk vel á tímabilinu og reyndust tekjur umfram gjöld 177 m.kr. Tekjur stöðvanna voru 7% yfir áætlun og rekstrargjöld voru 4% undir áætlun. Rekstur endurvinnslustöðva er gerður upp á núlli sem þýðir að ef tekjur ársins eru umfram rekstrargjöld er sveitarfélögum endurgreiddur rekstrarafgangur ársins og ef að gjöld eru umfram tekjur að þá eru sveitarfélögin rukkuð um það sem upp á vantar.


Gjöld (mkr.)	Raun 2021	Áætlun 2021	Mism.	%	Raun 2020	Mism.	%
Móttöku og urðunarkostnaður	2.262	2.569	-307	-11,9%	2.142	120	5,6%
Endurvinnslustöðvar	903	965	-62	-6,4%	924	-21	-2,3%
Grenndargámar	69	73	-4	-6,1%	63	6	9,7%
Nytjamarkaður	361	362	-1	-0,3%	257	104	40,5%
Yfirstjórn / sameiginlegt	529	342	187	54,7%	421	108	25,6%
Rekstur útleigðs húsnæðis	4	5	-1	-18,0%	4	0	1,7%
	4.128	4.316	-188	-4,4%	3.810	318	8,3%




Efnahagur

Efnahagur (mkr.)	31.12.2021	31.12.2020	Breyting	%
Fastafjármunir	7.954	7.890	64	1%
Veltufjármunir án handb.fjár	579	585	-6	-1%
Handbært fé	449	87	362	415%
Eignir samtals	8.983	8.562	420	5%
Eigið fé	4.996	4.165	831	20%
Skuldbindingar	444	430	14	3%
Langtímaskuldir	2.240	2.398	-157	-7%
Næsta árs afborganir langt. skulda	235	229	6	3%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	1.067	1.338	-271	-20%
Skuldir samtals	3.986	4.395	-409	-9%
Skuldir og eigið fé samtals	8.983	8.561	422	5%


Sjóðstreymi



Veltufé



Fjárfestingar



Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að fráðregnum seldum rekstrarfjármunum.

Eignabreytingar 2021

Móttökustöðin í Gufunesi: Fjárfestingar á árinu voru að fjárhæð 242 m.kr. sem er 110 m.kr. lægra en fjárfestingaráætlun gerði ráð fyrir eða 31%. Fjárfestingum hefur verið frestað á milli ára en gert var ráð fyrir kaupum á vélum til að hefja útflutning fljótlega á nýju ári.

Álfsnes: Fjárfestingar á árinu voru að fjárhæð 157 m.kr. sem er 180 m.kr. lægra en fjárfestingaráætlun gerði ráð fyrir eða 53%. Fjárfestingum í Álfsnesi var einnig frestað og rúmlega helmingur færast yfir á árið 2022.

Kennitölur

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur samlagsins fyrir árin 2017 - 2021:

SORPA bs.	2017	2018	2019	2020	2021
Eiginfjárhlutfall	67,9%	75,8%	48,3%	48,6%	55,6%
Arðsemi eigin fjár	19,5%	20,7%	2,7%	-3,8%	7,9%
Veltufjárhlutfall	2,21	2,43	0,94	0,43	0,79
Langtímaskuldir/eigið fé	10,3%	5,4%	67,5%	57,6%	44,8%
Uppgreiðslutími	0,6	0,4	8,2	11,8	3,3
Heildarskuldir/rekstrartekjum	33%	27%	106%	115%	87%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	15,8%	18,0%	8,9%	5,8%	16,1%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	15,3%	17,7%	9,7%	8,0%	17,2%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Vegna nýrra uppgjorsreglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í uppgjör samstæðu Reykjavíkurborgar en ekki allt samlagið eins og verið hefur. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnarí rekstri SORPU:

Hlutur Reykjavíkurborgar í rekstri SORPU bs.	Raun 2021	Áætlun 2021	Breyting	%	Raun 2020	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.588	2.671	-83	-3,1%	2.145	443	20,6%
Rekstrargjöld	-2.329	-2.435	106	-4,4%	-2.146	-182	8,5%
EBITDA	446	476	-30	-6,3%	173	273	158,3%
EBIT	260	236	23	9,8%	-1	261	-22110,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.)	-73	-113	40	-35,5%	-80	7	-8,9%
Rekstrarniðurstaða	187	123	63	51,2%	-81	268	-329,9%

- Hagnaður var á rekstri samlagsins á árinu 2021 um 331 m.kr. sem er 112 m.kr. betri afkoma en áætlun gerði ráð fyrir. Hagnaðurinn skýrist að mestu af hækkun á gjaldskrá um síðustu áramót, aðhaldi í bæði rekstrarkostnaði og fjárfestingum og niðurgreiðslu á skammtímalánum.
- Framundan eru stór verkefni sem fylgja því að hætta að urða og hefja útflutning.
- Samlagið hefur nú greitt niður þau skammtímalán sem tekin voru í síðasta ári til þess að standa undir fjárfestingum. Fjármagnsgjöld á árinu voru að fjárhæð 129 m.kr. eða 35,5% lægri en áætlun geri ráð fyrir. Eftirstöðvar langtímalána samlagsins eru nú 2.240 m.kr.
- Kennitölur samlagsins eru að breytast í rétta átt. Veltufjárhlfutfall er nú 0,79 miðað við 0,43 árið á undan. Æskilegt að kennitalan sé yfir 1 til að hafa hæfni til að ynnna af hendi nauðsynlegar greiðslur.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:


- Endurskipulagning á árinu 2020 er farin að skila sér í bættri afkomu á árinu 2021. Rekstur samlagsins þarf að standa undir fjárfestingum og afborgunum langtímalána.
- Samlagið mun hefja útflutning á brennanlegum straumum til orkuvinnslu árið 2022 og hætta urðun í Álfsnesi að fullu fyrir lok ársins 2023. Þessum breytingum fylgir óvissa og kostnaður sem mikilvægt er að gjaldskrár samlagsins endurspegli. Þrátt fyrir að samlagið hætti urðun í Álfsnesi og hefji útflutning á straumum til brennslu að þá þarf að tryggja aðgang samlagsins að urðunarstað eftir lokun. Samlagið munum alltaf þurfa farveg fyrir strauma sem þurfa að fara í urðun.
- Mikilvægt að hraða undirbúningi að framtíðarlausnum varðandi brennslu strauma og tryggja fjármögnun þeirra verkefna. Verkefnahópur um hátæknibrennslu á Íslandi skilaði skýrslu um málið í lok ársins 2021.
- Aukinn agi og samræmi í flokkun og meðferð strauma í öllum sveitarfélögum myndi auka skilvirkni hjá samlaginu og lækka tilkostnað og minnka loftlagsáhrif. Verkefnahópur um samræmingu og sérsöfnun við heimili er nú að störfum og stefnt er að innleiðingu á þessu ári.
- Færsla endurvinnslustöðvarinnar á Sævarhöfða og breytingar á öðrum endurvinnslustöðvum sem eru komnar að þolmörkum kalla á töluverðar fjárfestingar á árunum 2022-2025. Fjárfesting í endurvinnslustöðvum greiðist beint af sveitarfélögum.

Strætó

Strætó bs. (m.kr.)	Raun 2021	Áætlun 2021	Breyting	%	Raun 2020	Breyting	%
Rekstrartekjur	8.603	9.744	-1.141	-12%	8.089	514	6%
Rekstrargjöld	-8.967	-9.389	-422	-4%	-8.479	487	6%
EBITDA	-112	610	-722	-118%	-135	23	-17%
EBIT	-364	355	-718	-202%	-390	-27	-7%
Fjármagnsliðir	-76	-62	14	22%	-64	12	19%
Rekstrarniðurstaða	-439	293	-732	-250%	-454	-15	-3%

Rekstrarniðurstaða var neikvæð um 439 m.kr. (2020: 459 m.kr.), en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 293 m.kr. á árinu 2021. Lakari afkoma skýrist einkum af því að sú tekjuaukning sem fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir skilaði sér ekki sem rekja má til heimsfaraldurs af völdum Covid-19 veirunnar. Ríkið greiddi strætó sérstakan styrk vegna heimsfaraldurs upp á 120 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 900 m.kr. Rekstrartap var þó 3% lægra en árið og undan. Rekstrartekjur og rekstrargjöld jukust um 6%.

Rekstrartekjur ársins voru 8.603 m.kr. sem er aukning um 6% frá fyrra ári. Eigendur Strætó bæta rekstrarhalla upp með sérstökum framlögum sem innheimt eru á grundvelli fjárhagsáætlunar. Því til viðbótar leggja eigendur fram framlag til niðurgreiðslu nemendafargjalda og fargjalda öryrkja og aldraðra sem fært er meðal fargjalda. Framlag eigenda jókst um 6% milli ára sem skýrist að stærstum hluta af hækkun verðlags. En hækkunin er breyting á strætóvísitölu sem tekur mið af samsetningu rekstrarkostnaðar og hækkun vísitalna. Ríkisframlag er byggt á samningi frá árinu 2012 um aukinn hlut almenningssamgangna í ferðum á höfuðborgarsvæðinu, auknu umferðaröryggi og umhverfisvernd. Samningurinn hefur verið endurnýjaður og gildir til ársins 2034 og felur í sér mánaðarleg framlög af hálfu ríkissjóðs. Framlag ríkis jókst um 126 m.kr. sem skýrist af aukaframlagi að fjárhæð 120 m.kr. vegna heimsfaraldurs Covid-19. Pant aksturþjónusta er akstur fatlaðs fólks og aldraðra samkvæmt samkomulagi við Reykjavíkurborg, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes frá mars 2020.



Rekstrartekjur (m.kr.)	Raun 2021	Áætlun 2021	Breyting	%	Raun 2020	Breyting	%	Raun 2019
Fargjöld	1.849	1.986	-138	-7%	1.747	102	6%	2.344
Rekstrarframlög eigenda	4.059	4.059	0	0%	3.826	233	6%	3.567
Ríkisframlag	1.026	1.800	-774	-43%	900	126	14%	887
Pant akstursþjónusta	1.318	1.636	-318	-19%	1.335	-18	-1%	1.731
Aðrar tekjur	352	263	89	34%	281	70	25%	218
	8.603	9.744	-1.141	-12%	8.089	514	6%	8.747

Fargjöld voru 102 m.kr. eða 6% hærri en árið á undan en 7% undir áætlun ársins. Fargjöld eru annars vegar greidd af farþegum og hins vegar niðurgreiðsla ferða aldraðra, öryrkja og nema greidd af eigendum. Sala farmiða aldraðra og öryrkja jukust um 13%, en sala á nemakortum stóð í stað. Nemaframlagið frá sveitarfélögunum er mismunur á fjárhæð 400 m.kr. og tekjum af seldum nemakortum. Nemendur greiddu um 92 m.kr. fyrir nemakort á árinu 2021.


Fargjöld (m.kr.)	Raun 2021	Raun 2020	Breyting	%
Fargjöld greitt af farþegum	1.421	1.332	88	7%
Niðurgr. farmiða aldraðra og öryrkja	120	106	14	13%
Niðurgreiðsla nemakorta	308	308	0	0%
	1.849	1.747	102	6%

Pant akstursþjónusta dróst saman um 1% milli ára, en ferðafjöldi jókst milli ára um 23%. Þrátt fyrir að ferðafjöldi jókst var samdráttur sem skýrist af því að Hafnarfjörður dró sig út úr samkomulaginu í júní 2020. Breyting var á gjaldskrá í upphafi árs 2021 sem skýrir aukningu í fargjöldum greidd af notendum. En herra gjald er tekið fyrir ferðapantanir sem eru samdægurs og utan opnunartíma.

Pant akstursþjónusta (m.kr.)	Raun 2021	Raun 2020	Breyting	%
Framlag sveitarfélaga	1.225	1.265	-40	-3%
Fargjöld (greidd af notendum)	93	70	22	32%
	1.318	1.335	-18	-1%

Aðrar tekjur jukust um 25% milli ára sem skýrist að stærstu leiti af þóknun til Strætó vegna umsýslu tengda Pant akstursþjónustu, en nýtt samkomulag var undirritað í mars 2020.

Skipting rekstrartekna eftir starfspáttum



Heimsfaraldur hefur haft mikil áhrif á fargjaldatekjur Strætó 2020-2021, en jákvæð teikn virðast vera á lofti samhliða breyttum samkomutakmörkunum. 47% af rekstrartekjum koma frá eigendum og 12% frá ríki. Fargjöld eru 22% af heildartekjum og þar af eru 17% frá farþegum.


Rekstrargjöld voru 419 m.kr. undir áætlun en rekstrargjöld jukust um 491 m.kr. miðað við árið 2020.

Gjöld eftir starfspáttum (m.kr.)	2021	Áætlun	Mism.	%	2020	Mism.	%
Eigin akstur strætó	3.259.377	3.433.589	-174.212	-5%	3.143.491	115.886	4%
Akstur verktaka - strætó	3.317.700	3.212.000	105.700	3%	2.972.992	344.708	12%
Pant akstursþjónusta	1.317.891	1.635.792	-317.901	-19%	1.335.436	-17.546	-1%
Samrekstur	820.368	852.620	-32.252	-4%	772.531	47.837	6%
	8.715.336	9.134.000	-418.664	-5%	8.224.450	490.886	6%

Eigin akstur er allur kostnaður vegna aksturs strætisvagna Strætó, þar með talinn kostnaður verkstæðis og þvottastöðvar. Eigin akstur var 174 m.kr. undir áætlun ársins, en jókst um 116 m.kr miðað við 2020.

Akstur verktaka var 106 m.kr. yfir áætlun ársins en jókst um 345 m.kr. ef miðað er við 2020, sem skýrist að stærstum hluta af hækkun verðlags en greiðslur til verktaka breytast í takt við breytingar á verðlagi, þ.e. breytingar á launa-, olíu- og neysluvísitölu.

í m.kr. Skipting rekstrargjalda eftir starfspáttum




Pant akstursþjónusta dróst saman um 17,5 m.kr. miðað við 2020, sem skýrist að mestu af því að Hafnarfjörður dró sig út úr samkomulaginu um mitt ár 2020. Ferðir jukust um 23% milli ára.

Samrekstur var 32 m.kr. undir áætlun ársins en jókst um 48 m.kr. milli ára. Samrekstur vegur um 10% af heildarkostnaði. Undir samrekstur heyrir skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, þar með talið þjónustuver sem þjónar bæði akstursþjónustu fatlaðs fólks og farþegum strætó.

Launakostnaður jókst milli ára um 163 m.kr. og námu 2.825 m.kr. en 1. janúar og 1. júní 2021 var vinnutímastytting starfsmanna sem kostaði félagið um 250 m.kr. Rekstrarkostnaður félagsins án aksturs verktaka og Pant akstursþjónustu var um 4.100 m.kr. á árinu og þar af var launakostnaður um 69%.

Laun og launatengd gjöld	2021	2020	Mism.	%
Laun	2.264.439	2.093.939	170.499	8%
Launatengd gjöld	530.348	524.919	5.429	1%
Br. á áunnu, ógr. orlofi	29.872	42.613	-12.741	-30%
Samtals	2.824.658	2.661.471	163.188	6%
Fjöldi ársverka	252	258		-2%

Farþegar ársins voru 9,5 milljónir en voru 8,9 milljónir árið á undan, eða fjölgun um 7% milli ára. Farþegum fjölgaði síðustu mánuði ársins 2021, en nokkuð vantar upp á svo að farþegafjöldi verði sá sami og fyrir heimsfaraldur. Farþegar ársins 2019 voru 12,2 milljónir eða um 22% fleiri en árið 2021. Áætlun gerði ráð fyrir að farþegar á árinu yrðu 9,6 milljónir. Myndin til hliðar sýnir farþega hvers mánaðar 2018-2021.



Efnahagur

Varanlegir fastafjármunir námu 1.783 m.kr., nýfjárfestingar á árinu voru 271 m.kr. Fyrirframgreitt framlag - Brú frá árinu 2017 sem dreift er á 20-30 ár í samræmi við leiðbeiningar frá reikningsskilanefnd sveitarfélaganna. Eftirstöðvar nema 642 m.kr. þegar sá hluti sem kemur til gjaldfærslu á árinu 2022 hefur verið dreginn frá.

Birgðir drógust saman um 3% milli ára. Birgðir samanstanda af varahlutalager á verkstæði og olíubirgðum.

Viðskiptakröfur námu 36 m.kr., kröfur á eigendur 137 m.kr. og aðrar skammtímaskröfur námu 65 m.kr.

Handbært fé var 466 m.kr. í árslok en var 377 m.kr. í upphafi árs.


Eigið fé í lok ársins 2021 nam 844 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárlutfallið 26%, en var 40% 31.12.2020. Óráðstafað eigið fé félagsins var neikvætt um 56,5 m.kr. í árslok, og stofnframlag eigenda því rýrnað sem því nemur.

Langtímaskuldir eru helst verðtryggt lán við Lánasjóð sveitarfélaganna en nýtt óverðtryggt lán upp á 300 m.kr. til 5 ára var tekið á árinu hjá viðskiptabanka félagsins.

Efnahagur (m.kr.)	31.12.2021	31.12.2020	Breyting	%
Varanlegir fastafjármunir	1.782.974	1.763.474	19.499	1%
Fyrirframgr. kostn. Lsj. Brú	669.948	697.831	-27.883	-4%
Fastafjármunir samtals	2.452.922	2.461.305	-8.384	0%
Birgðir	104.174	100.996	3.178	3%
Viðskiptakröfur	36.079	95.074	-58.995	-62%
Kröfur á tengda aðila	136.614	133.972	2.642	2%
Aðrar skammtímaskröfur	65.070	48.938	16.132	33%
Handbært fé	465.764	376.515	89.248	24%
Veltufjármunir samtals	807.701	755.496	52.205	7%
Eignir samtals	3.260.623	3.216.801	43.821	1%
Eigið fé	843.551	1.282.683	-439.132	-34%
Langtímaskuldir	1.255.532	997.920	257.613	26%
Viðskiptaskuldir	622.340	491.716	130.624	27%
Næsta árs afborgun langtímalána	90.727	38.515	52.212	136%
Ýmsar skammtímaskuldir	448.472	405.967	42.506	10%
Skuldir samtals	2.417.071	1.934.118	482.954	25%
Skuldir og eigið fé samtals	3.260.623	3.216.801	43.821	1%


Sjóðstreymi

Handbært fé hækkaði um 89 m.kr milli ára. Fjárfestingar námu 271 m.kr og afborganir langtímalána námu 39 m.kr. Í desember 2021 var Strætó veitt 300 m.kr. rekstrarlán en horfur eru á að lausafjárstaða verði erfið fram eftir ári 2022. Til stendur að óska eftir heimild frá eigendum um töku skammtímalánsfjármögnunar til að tryggja lausafé til reksturs.



Fjárfestingar Strætó námu 271 m.kr. á árinu og eru helst tilkomnar vegna þróunar nýs greiðslukerfis 160 m.kr. Auk þess eru fjárfestingar í innréttingum, áhöldum og tækjum 43 m.kr. og fjárfest var í tveimur metan strætisvögnum að fjárhæð 68 m.kr

Eign félagsins í ökutækjum og strætisvögnum var 1.431 m.kr. í árslok. Strætisvagnar eru afskrifaðir á 13 árum en önnur ökutæki á 10 árum. Í árslok 2021 samanstóð eign félagsins í 71 strætisvögnum. Meðfylgjandi mynd sýnir fjölda strætisvagna eftir árum. Stór hluti af vögnum Strætó er kominn til ára sinna, en meðalaldur vagnaflotans var 8,1 ár í lok árs 2021.



Kennitölur

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur Strætó fyrir árin 2017-2021:

Strætó	2017	2018	2019	2020	2021
Eiginfjárhlutfall	64,2%	49,0%	46,8%	39,9%	25,9%
Arðsemi eigin fjár	0,6%	-6,5%	-2,1%	-26,1%	-34,2%
Veltufjárhlutfall	1,29	0,90	1,19	0,84	0,72
Langtímaskuldir/eigið fé	0,0%	56,3%	57,7%	77,8%	148,8%
Uppgreiðslutími	0,1	5,5	3,8	-6,3	-9,7
Heildarskuldir/rekstrartekjum	14%	22%	23%	24%	28%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	2,6%	2,2%	3,1%	-2,0%	-1,6%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	2,3%	2,4%	3,3%	-1,7%	-1,3%

Allar kennitölur félagsins hafa versnað undanfarin ár sem hægt er að tengja Covid-19 og lýsir erfiðri stöðu félagsins. Eiginfjárhlutfall hefur farið lækkandi og var 26% í árslok 2021 en var 64,2% í árslok 2017. Hlutfallið sýnir fjárhagslegan styrk eða tappol félagsins. Veltufjárhlutfallið er komið niður í 0,7 en æskilegt lágmark er 1. Kennitalan lýsir hæfni til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á árinu og er því getan skert án nokkurra aðgerða.

Áhættustjórnun

Strætó stendur frammi fyrir ýmis konar áhættum sem tengjast starfsemi og stafa af daglegum rekstri. Áhættustýring felst í greiningu, mælingu og aðgerðum til að takmarka áhættu og stöðugri vöktun áhættuþátta.

Helstu áhættuþættir félagsins eru lausafjár- og markaðsáætla. Fargjaldtekjur hafa dregist verulega saman frá því heimsfaraldur Covid-19 hófst. Fjárfesting í vögnum hefur verið undir endurnýjunaráætlun undanfarin ár sem hefur haft þau áhrif að viðhalds- og rekstrarkostnaður hefur aukist. Rekstrarfé frá eigendum og viðskiptavinum hefur ekki nægt til að fjármagna endurnýjun vagna og rekstur. Félaginu var veitt lán í lok árs 2021 til að standa straum af lágmarks endurnýjun á flota sem og öðrum rekstrarþáttum, í stað framlags frá eigendum. Endurnýjun vagnafloata á rekstrarárinu 2021 var sú að einungis var

fjárfest í tveimur nýjum vögnum, sem er vel undir þörfum og endurnýjunaráætlun félagsins. Skuldsetning félagsins í hlutfalli við eigið fé hefur aukist og er óráðstafað eigið fé félagsins neikvætt, og stofnframlag eigenda því rýrnað sem því nemur.

Vakin er athygli á dómsmálum á hendur Strætó vegna útboðs á akstri á höfuðborgarsvæðinu árið 2010, en málið tapaðist fyrir Hæstarétti 2017, en eftir er að fá niðurstöður um skaðabótaupphæð sem Strætó þarf að greiða. Gjaldfærð hefur verið varúðarfærsla vegna þessa máls.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Vegna nýrra uppgjorsreglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í uppgjör samstæðu Reykjavíkurborgar en ekki allt félagið eins og verið hefur. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri Strætó:

Hlutur Reykjavíkurborgar í rekstri Strætó	Raun 2021	Áætlun 2021	Breyting	%	Raun 2020	Breyting	%
Rekstrartekjur	4.853	5.496	-643	-12%	4.557	295	6%
Rekstrargjöld	-5.058	-5.296	-238	-4%	-4.777	280	6%
EBITDA	-63	344	-407	-118%	-76	13	-17%
EBIT	-205	200	-405	-202%	-220	-15	-7%
Fjármagnsliðir	-43	-35	8	22%	-36	7	19%
Rekstrarniðurstaða	-248	165	-413	-250%	-256	-8	-3%

- Tap af rekstri nam 439 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 293 m.kr. afgangi. Þessi mikli munur skýrist af væntingum fyrirtækisins um aukið rekstrarframlag frá ríkinu vegna áhrifa heimsfaraldurs Covid-19 á reksturinn. Ríkið hefur veitt Strætó sérstakan styrk vegna heimsfaraldurs upp á 120 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 900 m.kr.
- Farþegar ársins voru 9,5 milljónir en voru 8,9 milljónir árið á undan, eða fjölgun um 7% milli ára. Nokkuð vantar upp á að farþegafjöldi yrði sá sami og var fyrir heimsfaraldur en þá voru farþegar 12,2 milljónir talsins eða um 22% fleiri en árið 2021.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Veltufjárhlutfallið er komið niður í 0,72 en æskilegt lágmark er 1. Kennitalan lýsir hæfni til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á árinu og er því getan skert án aðgerða.
- Flestar kennitölur hafa versnað á milli tímabila vegna Covid-19 og lýsir erfiðri stöðu félagsins. Mikilvægt er að fylgjast með þróun tekna næstu mánaða og grípa til aðgerða ef tekjurnar reynast undir áætlun.

Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki

Fyrirtæki í B-hluta eru afar mismunandi hvað varðar þjónustuhlutverk, rekstrarform, rekstrarumfang og fjárhagslega stöðu og styrk. Í meðfylgjandi greinargerð um B-hluta fyrirtækin er reynt í stuttu máli að varpa ljósi á rekstur, afkomu og fjárhagslega stöðu. Í þessu sambandi blasir við hvað B-hluta fyrirtækin hafa flest fjarlægst hratt borgarráð og stjórnýslyu Reykjavíkurborgar og þekking og innsýn í rekstur þeirra og fjárhagsstöðu fer að sama skapi dvínandi. Samtímis er ljóst að Reykjavíkurborg ber ýmist beina eða óbeina ábyrgð á þessum fyrirtækjum og þjónustuhlutverkum þeirra og afkoma fyrirtækjanna getur haft afdrifarík áhrif á stöðu A-hluta borgarsjóðs.

Byggðasamlögin, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Sorpa og Strætó, eru samrekstrarfélög sveitarfélaga sem hvert um sig ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á rekstrinum. Í þessu ljósi er mikilvægt að ákvarðanir um fjárhagsskipan og fjárfestingar séu teknar með virkri aðkomu borgarráðs og hlutaðeigandi bæjarráða. Þá er einnig æskilegt að hlutaðeigandi sveitarfélög fjármagni sjálf aukin framlög eigenda vegna rekstrar eða fjárfestinga byggðasamlaga fremur en að fyrirtækin safni upp skuldum. Ennfremur ættu þau að gera upp lífeyrisskuldbindingar með samtímagreiðslum.

Félagsbústaðir er hlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar sem var stofnað 8. apríl 1997 um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem félagslegs úrræðis á ábyrgð eigandans. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn á grundvelli gangverðs eigna enda er fyrirtækið á skuldabréfamarkaði í kauphöll. Í árslok 2020 áttu Félagsbústaðir 2.904 íbúðareiningar. Þar af voru 2.134 almennar leiguíbúðir víðs vegar um borgina, 366 þjónustuíbúðir fyrir aldraða, 358 íbúðir í sértækum búsetuúrræðum fyrir fatlaða einstaklinga og 46 íbúðaeiningar fyrir heimilislausa.

Fyrirtækið **Faxaflóahafnir** er rekið sem sameignarfélag Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarfjarðarsveitar og er eignarhlutur borgarsjóðs 75,5551%. Í þessu rekstrarformi felst að eigendur bera sameiginlega ábyrgð á rekstrinum. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið á og rekur fjórar hafnir, Reykjavíkurhöfn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er 99% í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og 1% í eigu Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki, Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar og Grjótnám Reykjavíkurborgar, í eitt hlutafélag. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga. Malbiksmarkaður er að mestu í höndum þriggja fyrirtækja; Höfða, Malbikstöðvarinnar og Hlaðbæjar Colas sem er í erlendra eigu.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki. Við stofnun þess árið 1999 samanstóð fyrirtækið af Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Reykjavíkur, Vatnsveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness. Starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur hefur stækkað umtalsvert og þjónustusvæðið nær nú til Suður- og Vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Orkuveita Reykjavíkur sem er langstærsta fyrirtækið í B-hluta borgarinnar og stórfyrirtæki á landsvísi, er rekið sem sameignarfyrirtæki samkvæmt sérstökum lögum. Eigendur auk borgarinnar sem á 93,539% hlut eru Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. Reikningsskilaaðferðir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum (IFRS) voru teknar upp við gerð ársreiknings 2007.

Þann 1. janúar 2014 kom til framkvæmda það ákvæði raforkulaga sem gerir fyrirtækjum á þeim markaði skyld að skilja á milli sérleyfis- og samkeppnishluta starfseminnar. Þá tók Orka náttúrunnar ohf., dótturfélag sem er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, til starfa á samkeppnismarkaði raforku en félagið var stofnað til að uppfylla þetta lagaákvæði. Veitubjónustan verður áfram rekin undir merkjum Orkuveitu Reykjavíkur, bæði þau lögbundnu skylduverkefni sveitarfélaga sem vatns- og fráveita eru og sérleyfisþjónusta rafmagns- og hitaveitu. Í móðurfélagi breyttrar samstæðu, Orkuveitu Reykjavíkur, verður sameignleg stoðþjónusta við dótturfélög s.s. fjármál, gæða, umhverfis- og öryggismál auk sameiginlegs þjónustusviðs.

Íþrótt- og sýningarhöllin hf. er sjálfstætt fyrirtæki í 50% eigu borgarinnar og að jafnstórum hlut í eigu Samtaka iðnaðarins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir upp ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa, enda falli þau að tilgangi SHS og séu ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum. Stofnendur og eigendur SHS eru sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er í 60,8% eigu borgarsjóðs. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

Sorpa bs er 59% í eigu Reykjavíkurborgar sem á það með nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Sorpa annast urðun og meðferð sorps og rekur endurvinnslustöðvar.

Strætó bs er byggðasamlag í eigu Reykjavíkurborgar og nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Eignarhlutur borgarsjóðs er 60,3%. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn og annast almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Aflvaki er hlutafélag í 95,7% eigu Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í samstæðu hennar. Fyrirtækið var ekki í rekstri á árinu 2021.

Þjóðarleikvangur ehf er hlutafélag í 50% eigu Reykjavíkurborgar á móti ríki og KSÍ, stofnað 12. júní 2019. Tilgangur þess er að undirbúa byggingu þjóðarleikvangs í Laugardal. Félagið stendur fyrir þarfagreiningu og verkefnaskipulagi við undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

Jafnlaunastofa sf. er samvinnufélag í 50% eigu Reykjavíkurborgar á mótí Sambandi íslenskar sveitarfélaga, stofnað í nóvember 2021. Helsta hlutverk fyrirtækisins er að veita sveitarfélögum stuðning í jafnlaunamálum með ýmis fræðslum og ráðgjöfum. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.